



## **BA í lögfræði**

### **Rafrænir hluthafafundir:**

Er þörf á lagabreytingu með tilliti til örrar tækniþróunar síðustu ára og að fenginni reynslu á tímum heimsfaraldurs af völdum COVID-19?

**Maí, 2021**

**Nafn nemanda:** Jóna Katrín Ingvadóttir

**Kennitala:** 210198 – 3779

**Leiðbeinandi:** Andri Fannar Bergþórsson

## ÚTDRÁTTUR

Þann 11. mars 2020 lýsti alþjóðastofnun WHO því yfir að faraldur af völdum COVID-19 veirunnar flokkaðist nú sem heimsfaraldur. Síðustu ár hefur tækninni fleygt fram á mörgum sviðum og er notkun rafrænna lausna í daglegu lífi orðin æ algengari. Með heimsfaraldrinum hefur notkun tækninnar aukist enn frekar, t.a.m. notkun fjarfundarbúnaðar við hin ýmsu störf og fundarhöld. Í ritgerð þessari er leitast við að leiða í ljós hvaða reglur gilda um rafræna hluthafafundi og meta hvort þörf sé á lagabreytingu með tilliti til örrar tækniþróunar síðustu ára og að fenginni reynslu á tímum heimsfaraldurs af völdum COVID-19. Í íslenskum lögum er að finna heimildir til að halda slíka fundi í 80. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995. Meginreglan er sú að félagsstjórn getur ákveðið að halda rafrænan hluthafafund að hluta til, ef ekki er kveðið á um annað í samþykktum félags. Á hinn bóginn þarf ákvörðun hluthafafundar til að halda rafrænan hluthafafund að öllu leyti. Lítil notkun virðist hafa verið á þessum heimildum fyrir tíma heimsfaraldursins og er því tilefni til að skoða ákvæði 80. gr. a. með tilliti til COVID-19. Helstu niðurstöður eru þær að telja má að ekki sé þörf á lagabreytingu á íslenskum hlutafélagalögum, þar sem 80. gr. a. hfl. veitir nokkuð svigrúm fyrir félagsstjórn og hluthafa, að ákveða hvort haldinn verði rafrænn hluthafafundur eða ekki. Þess í stað má telja, að þörf hafi verið á breyttu og jákvæðu hugarfari á notkun tækninnar og er ástæða til að ætla að það hafi að miklu leyti tekist í heimsfaraldri af völdum COVID-19.

## **ABSTRACT**

On March 11th 2020, the World Health Organization (WHO) declared COVID-19 a global pandemic. Over the years, technology has advanced in many areas and revolutionized our world. The daily use of digital solutions has greatly increased during the pandemic, for instance the use of video conferencing tools for virtual meetings. The main purpose of the thesis is to determine what rules apply to virtual shareholder meetings and assess if there is a need for amending the law, considering rapid development in technology and experience in the COVID-19 pandemic. Icelandic law authorizes such meetings in article 80 (a) of the Act on Public Limited Companies No 2/1995. The main principle is that the board of directors may decide to hold a partial virtual shareholders meeting, unless otherwise stated in the company's articles of association. On the other hand, the decision of a shareholders meeting is required to hold a complete virtual shareholders meeting. In Iceland, there seems to have been limited use of these authorizations before the pandemic and therefore creates an opportunity to examine the provisions of Article 80 (a) with a new outlook after this gained experience. The main conclusion of the thesis is that there is not a need for amending the law, as article 80 (a) provides some leeway for the board of directors and shareholders, in making decisions on whether a virtual shareholders meeting will be held or not. On the contrary, there was a need for change in people's perception of the use of technology and there is great reason to believe that this was reasonably accomplished in the COVID-19 pandemic.

## EFNISYFIRLIT

LAGASKRÁ.....	V
<b>1. INNGANGUR .....</b>	<b>1</b>
1.1. AFMÖRKUN EFNIS .....	1
1.2. AÐFERÐAFRÆÐI .....	2
1.3. UPPBYGGING RITGERÐAR.....	2
<b>2. HLUTHAFAFÉLÖG .....</b>	<b>3</b>
2.1. SÖGULEG ÞRÓUN HLUTAFÉLAGA.....	3
2.2. ALMENNT UM HLUTAFÉLÖG .....	4
2.3. ÁHRIF EVRÓPURÉTTAR .....	5
2.4. SAMPYKKTIR FÉLAGS.....	7
2.5. HLUTHAFAR OG HLUTAFÉ.....	8
2.6. STJÓRNARKERFI HLUTAFÉLAGA.....	8
<b>3. HLUTHAFAFUNDUR.....</b>	<b>9</b>
3.1. ALMENNT UM HLUTHAFAFUNDI .....	9
3.2. BOÐUN HLUTHAFAFUNDA.....	11
3.3. FUNDARMENN .....	11
3.4. RÉTTUR HLUTHAFA Á HLUTHAFAFUNDI .....	13
3.4.1. Réttur til að taka til máls.....	14
3.4.2. Réttur til upplýsinga.....	14
3.4.3. Tillöguréttur .....	14
3.4.4. Atkvæðisréttur .....	14
3.5. FUNDARSTJÓRI .....	15
<b>4. RAFRÆNIR HLUTHAFAFUNDIR.....</b>	<b>15</b>
4.1. SÉRREGLAN UM SKRÁÐ FÉLÖG.....	17
4.2. RAFRÆNN HLUTHAFAFUNDUR AÐ HLUTA TIL .....	18
4.3. RAFRÆNN HLUTHAFAFUNDUR AÐ ÖLLU LEYTI .....	19
4.4. TÆKNIBÚNAÐUR OG ÖRYGGI .....	21
4.5. GÓÐIR STJÓRNARHÆTTIR .....	23
<b>5. FRAMKVÆMD RAFRÆNNA HLUTHAFAFUNDA Á ÍSLANDI.....</b>	<b>24</b>
5.1. FORDÆMALAUSIR TÍMAR .....	24
5.2. FRAMKVÆMD HÉRLENDIS .....	25
<b>6. RAFRÆNIR HLUTHAFAFUNDIR Í DANMÖRKU.....</b>	<b>28</b>
6.1. REGLUVERK Í DANMÖRKU.....	28
6.2. BRÁÐABIRGÐAHEIMILDIR Í HEIMSFARALDI .....	30
6.3. FRAMKVÆMD Í DANMÖRKU.....	32
6.3.1. Carlsberg A/S.....	32
6.3.2. Kobenshavns Lufthavne A/S.....	32
6.3.3. Better Collective A/S.....	33
<b>7. NIÐURSTÖÐUR.....</b>	<b>34</b>
<b>8. HEIMILDASKRÁ .....</b>	<b>1</b>

## **Lagaskrá**

### **Íslensk lög**

Lög um ársreikninga nr. 3/2006

Lög um einkahlutafélög nr. 138/1994

Lög um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993

Lög um hlutafélög nr. 2/1995

Lög nr. 89/2006 um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum

### **Danskar réttarheimildir**

Bekendtgørelse af lov om aktie- og anpartsselskaber (selskabsloven) nr. 1089 af 14.9.2015

Bekendtgørelse af årsregnskabslovens nr. 838 af 08.08.2019

Bemærkningerne til forslaget til lov om ændring af lov om aktieselskaber og lov om anpartsselskaber (20. marts 2003)

Bekendtgørelse nr. 2240 af 29.12.2020

### **Lögskýringargögn**

Alþt. 2009-2010, A-deild, þskj. 636-340. mál

Alþt. 2005-06, A-deild, þskj. 666-444. mál

Alþt. 2005-06, A-deild, 444.mál, samanburður á milli landa: nokkrar athugasemdir, erindi nr. 132/1379

Alþt. 1994-1995, A-deild, þskj. 100-97. mál

Alþt. 1921, A-deild, bls. 17-18

### **Regluverk Evrópusambandsins**

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2017/828 um breytingu á tilskipun 2007/36/EB að því er varðar hvatningu til þátttöku hluthafa til lengri tíma OJ L 132/1

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2007/36/EB um nýtingu tiltekinna réttinda hluthafa í skráðum félögum OJ L 184/17

### **Alþjóðasáttmálar**

Samningur um Evrópska efnahagssvæðið (samþykktur 4. Febrúar 1993, tók gildi 1. janúar 1994.) Stjtið. C, 31/1

# 1. Inngangur

## 1.1. Afmörkun efnis

Þann 11. mars 2020 lýsti alþjóðastofnun WHO því yfir að faraldur af völdum COVID-19 veirunnar flokkaðist nú sem *heimsfaraldur*.<sup>1</sup> Þessi heimsfaraldur hefur sett daglegt líf hjá mörgum úr skorðum og haft alvarlegar afleiðingar í för með sér. Á Íslandi hafa stjórnvöld þurft að grípa til ýmissa sóttvarnaraðgerða til að takmarka útbreiðslu veirunnar, m.a. með reglum um fjöldatakmörkanir, samkomubönn, sóttkví og einangrun.

Mikið er vísað í „fordæmalausa tíma“ til að lýsa þessum heimsfaraldri, en á slíkum tímum er fólk oft tilbúið að temja sér ný vinnubrögð og aðferðir með opnum huga, eins og málshátturinn gamli segir: neyðin kennir naktri konu að spinna.

Síðustu ár hefur tækninni fleygt fram og er notkun rafrænna lausna í daglegu lífi orðin æ algengari. Með heimsfaraldrinum hefur notkun tækninnar aukist enn frekar og hafa flestir tileinkað sér rafrænar lausnir með jákvæðum hætti. Til að mynda hafa margir notað fjarfundarbúnað við hin ýmsu störf og fundarhöld. Með þessu má telja að fólk sé mun opnara fyrir áframhaldandi notkun tækninnar í framtíðinni, þar sem það hefur vanist slíkri notkun og kynnst þeim kostum sem henni fylgja.

Í ritgerð þessari er fjallað um rafræna hluthafafundi. Í íslenskum lögum er að finna heimildir til halda slíka fundi í 80. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995 („hfl“). Meginreglan er sú að félagsstjórn getur ákveðið að halda rafrænan hluthafafund að hluti til, nema kveðið sé á um annað í samþykktum félags. Skráðum félögum er þá skylt að tryggja að hluthafar geti kosið um mál sem eru á dagskrá, bréflaga eða rafrænt. Ákvörðun um að halda rafrænan hluthafafund að öllu leyti, verður hins vegar að vera tekin á hluthafafundi.<sup>2</sup> Ákvæðið var lagt fyrir og samþykkt á Alþingi árið 2006 með breytingarlögum nr. 89/2006.<sup>3</sup>

Þrátt fyrir öra tækniþróun síðustu ár, virðist sem lítil notkun hafi verið á heimildum 80. gr. a. hfl.<sup>4</sup> Tilefni er til að meta, hvort sú reynsla og breytt hugarfar, sem átt hefur sér stað á þessum fordæmalausum tímum, opni frekar fyrir jákvæðum breytingum á framkvæmd rafrænna hluthafafunda. Markmið ritgerðarinnar er að leiða í ljós hvaða reglur gilda um rafræna hluthafafundi og meta hvort þörf sé á lagabreytingu á núgildandi regluverki, með tilliti til örrar

---

<sup>1</sup> „Timeline: WHO’s COVID-19 response“ (*WHO*, 11. mars 2020) <https://www.who.int> skoðað 20. mars 2021.

<sup>2</sup> 1. og 2. mgr. 80. gr. a. laga um hlutafélög nr. 2/1995.

<sup>3</sup> Alþt. 2005-06, A-deild, þskj. 666-444. mál.

<sup>4</sup> Sjá umfjöllun í kafla 5 og 6 um litla notkun á heimildir 80. gr. a. hfl.

tækniþróunar síðustu ára og að fenginni reynslu á tímum heimsfaraldurs af völdum COVID-19.

## 1.2. Aðferðafræði

Til að rannsaka viðfangsefnið er notast við nokkrar rannsóknaraðferðir. Í fyrsta lagi er stuðst við hina fræðilegu lagalegu aðferð, en í henni felst að lýsa gildandi rétti á réttarsviðinu sem um ræðir.<sup>5</sup> Í þessari ritgerð eru lög um hlutafélög nr. 2/1995 skoðuð og þá sérstaklega 80. gr. a. laganna. Einnig er stuðst við aðrar réttarheimildir í félagarétti, svo og fræðiskrif. Þar sem ekki hefur reynt á rafræna hluthafafundi fyrir dómi er ekki stuðst við dómaframkvæmd. Í staðinn er framkvæmd rafrænna hluthafafunda hjá íslenskum félögum skoðuð. Að auki er stuðst við regluverk Evrópuréttar, þá sérstaklega tilskipanir á sviði félagaréttar.

Í öðru lagi er mikilvægt að líta til framkvæmda og regluverka annarra landa innan Evrópu til samanburðar.<sup>6</sup> Þróun íslenska réttarkerfisins hefur lengi vel mótast af áhrifum danska réttarkerfisins og þykir því eðlilegt að bera saman regluverk og framkvæmd í Danmörku á þessu sviði. Í ritgerð þessari eru dönsk hlutafélagalög skoðuð og þá sérstaklega 77. gr. laganna, sem var fyrirmynd 80. gr. a. hfl. Að lokum er framkvæmd rafrænna hluthafafunda hjá hlutafélögum í Danmörku skoðuð.

## 1.3. Uppbygging ritgerðar

Ritgerðin er þannig uppbyggð að í öðrum kafla er fjallað um megin Einkenni hlutafélaga og vikið að áhrifum Evrópuréttar á félagarétt. Í þriðja kafla er fjallað um hluthafafundi og farið yfir helstu atriði, sem þarf að gæta að við fundarhald, m.a. boðun fundar, réttindi hluthafa og fundarstjórn. Meginþungi umfjöllunarinnar kemur fram í fjórða, fimmta og sjötta kafla ritgerðarinnar. Í fjórða kafla er 80. gr. a. hfl. tekin til skoðunar og fjallað er um hvaða skilyrði þurfa að vera fyrir hendi svo unnt sé að nýta heimildir hennar. Í fimmta kafla er gert grein fyrir framkvæmd rafrænna hluthafafunda á Íslandi og hvernig félög hafa nýtt sér heimildir 80. gr. a. hfl. í heimsfaraldri. Í sjötta kafla er fjallað um regluverk og framkvæmd rafrænna hluthafafunda í Danmörku, til samanburðar við regluverk og framkvæmd á Íslandi. Dregnar eru ályktanir í lok hvers kafla og eru því niðurstöður og ályktanir að finna bæði í meginmáli ritgerðarinnar og í lokaorðum.

---

<sup>5</sup> Enska heitið á þessari aðferð er *Doctrinal method*; Sjá nánar um þessa aðferðafræði hér: Rob VanGestel and Hans-W Micklitz, „Revitalizing Doctrinal Research In Europe: What About Methodology?“ (2011) European University Institute Working Papers Law 2011/05 1-38.

<sup>6</sup> Enska heitið á þessari aðferð er *Comparative method*; Sjá nánar um þessa aðferð hér: John C. Reitz, „How to Do Comparative Law“ (1998) *The American Journal of Comparative Law* 46(4), 617-636.

## 2. Hluthafafélög

### 2.1. Söguleg þróun hlutafélaga

Í dag er hlutafélagalöggjöf bæði héraendis og í nágrannaríkjum okkar nokkuð umfangsmikil og ítarleg. Markmið laganna er helst að gæta að öryggi í viðskiptum og veita vernd fyrir bæði viðskiptamenn félaga og hluthafa sjálfa.<sup>7</sup> Þessar reglur hafa þróast verulega með tímanum og í þessum kafla verður stuttlega gert grein fyrir sögulegri þróun þeirra.

Á 17. öld fór alþjóðlegur útflutningur að aukast gríðarlega í Evrópu og voru viðskiptin áhættusöm, kostnaðarsöm og ekki á eins manns færi. Þetta olli því að stór félög byrjuðu að myndast með fjársöfnun nokkurra fjárfesta. Konungsríkið veitti þessum félögum konungsleyfi fyrir rekstrinum, sem var eins konar einkaleyfi. Félög þessi höfðu bæði takmarkaða ábyrgð og framseljanlega hluti, sem eru helstu einkenni hlutafélaga í dag. Sem dæmi má nefna fyrsta hlutafélagið í Bretlandi<sup>8</sup> að nafninu „East India Company“ og fékk það konungsleyfi árið 1600. Fjárfestar settu félagið á stofn með ákveðið hlutafé og hagnaði félagsins var síðan dreift til fjárfesta í samræmi við hlut þeirra. Með konungsleyfinu höfðu einungis meðlimir félagsins heimild til að stunda viðskipti við Inland.<sup>9</sup>

Á 17. - 19. öld þróuðust ný fyrirtækjaform, m.a. verslunarfélög, iðnfyrirtæki og verksmiðjufyrirtæki. Þessi þróun varð vegna fólksflutninga í Evrópu úr strjálbýli í þéttbýli og allra þeirra breytinga sem urðu í kjölfarið, eins og aukin framleiðsla á matvælum og klæðnaði. Á þeim tíma voru ríkisafskipti mikil, en stofnun og rekstur félaga voru að miklu leyti háð hinu opinbera. Þetta fólst m.a. í ýmsum takmörkunum á frjálsri samkeppni, úthlutun einkaleyfa og öðrum verndarráðstöfunum. Hlutafélög í svipuðu formi og þekkjast í dag, þ.e. með aðgangi almennings og dreifðum hlutum fóru ekki að líta dagsins ljós fyrr en á 19. öld. Stjórnsmál breyttust í Evrópu á þessum tíma og frjálsræði fór að verða æ algengara. Ríkisafskipti fóru að minnka og margs konar hindrunum í samkeppni var rutt úr vegi og þannig varð meira frelsi til að stofna félög á grundvelli meginreglunnar um sammingsfrelsi. Þrátt fyrir þessa þróun héldu opinber afskipti af hlutafélögum þó nokkuð áfram, en stofnun og rekstur þeirra var lengi háð leyfisveitingum, t.a.m. einkaleyfum, sérleyfum og öðrum leyfum hins opinbera. Á seinni hluta 19. aldar minnkuðu afskipti hins opinbera æ frekar og fór opinber skráning að verða eina skilyrði stofnunar hlutafélaga.<sup>10</sup>

<sup>7</sup> Stefán Már Stefánsson, *Hlutafélagaréttur* (Hið íslenska bókmenntafélag) 20.

<sup>8</sup> Þekkt sem *Joint-Stock Company* í Bretlandi.

<sup>9</sup> Samuel Williston: *History of the Law of Business Corporations before 1800*, (1888) 2 Harv. L. Rev. 105, 109.

<sup>10</sup> Stefán Már Stefánsson, *Hlutafélagaréttur* (Hið íslenska bókmenntafélag) 19; Sjá einnig Erik Werlauff: *EU-Company Law* 44.



Fyrsta félagið á Íslandi sem hafði einkenni hlutafélaga eins og við þekkjum í dag var Innréttingar Skúla fógeta. Samþykktir félagsins voru staðfestar með konungsbréfi 4. janúar 1752. Fyrsta félagið, sem var stofnað með verulegri fjársöfnun almennings, var hið þekktu Eimskipafélag Íslands, stofnað árið 1914 og er ennþá starfandi í dag.<sup>11</sup>

Fyrsta hlutafélagalöggjöfin hér á landi voru lög nr. 77/1921 og áttu sér fyrirmynd í dönsku hlutafélagalögum frá 1917, sem voru jafnframt fyrstu lögin í Danmörku um hlutafélög. Áður en fyrstu hlutafélagalögin voru sett, störfuðu hlutafélög eftir almennum meginreglum laga, en jafnframt var höfð hliðsjón af erlendum rétti. Einnig var að finna fyrirsmáli um hlutafélög í ýmsum lögum, m.a. firmalögum nr. 42/1903.<sup>12</sup> Þá höfðu 147 íslensk hlutafélög verið tilkynnt til verslunarskrár skv. firmalögum fyrir gildistöku hlutafélagalaganna.<sup>13</sup>

## 2.2. Almennt um hlutafélög

Í bók Áslaugar Björgvinsdóttur er félag skilgreint með eftirfarandi hætti:

Félag er hvers konar varanleg samvinna einstaklinga og/eða lögaðila um ákveðinn tilgang, sem stofnað er til af fúsum og frjálsum vilja með einkaréttarlegum löggerningi, að jafnaði með gagnkvæmum samningi tveggja eða fleiri aðila (félagssamningi).<sup>14</sup>

Á Íslandi ríkir almennt frelsi til þess að stofna félög í hvaða lögmætum tilgangi svo lengi sem skipulag þeirra er innan þess ramma sem lögin kveða á um. Í þessari ritgerð miðast umfjöllun í grunninn við hlutafélög og er því áhersla lögð á lög og reglur um hlutafélög. Á Íslandi gilda lög nr. 2/1995 um hlutafélög og samkvæmt 2. mgr. 1. gr. þeirra laga, merkir hlutafélag í lögum félag þar sem enginn félagsmanna ber persónulega ábyrgð á heildarskuldbindingum félagsins. Þessi regla um takmarkaða persónulega ábyrgð félagsmanna er einn af hornsteinum hlutafélaga.<sup>15</sup>

Um einkahlutafélög gilda lög nr. 138/1994. Löggjöf á sviði einkahlutafélaga er að mörgu leyti sambærileg og hlutafélagalöggjöfin. Í báðum félagaformum ríkir reglan um takmarkaða ábyrgð, þ.e. enginn félagsmanna ber persónulega ábyrgð á heildarskuldbindingum félagsins. Helsti munurinn á félögum er sá að ítarlegri reglur gilda almennt um starfsemi hlutafélaga og eru jafnframt strangari kröfur gerðar til þeirra. Til að mynda getur verið um að ræða einkahlutafélag eins manns sbr. 2. mgr. 1. gr. laga um einkahlutafélög, en í hlutafélagi þarf að

<sup>11</sup> Páll Skúlason, „Hlutafélög á Íslandi og Hlutafélagalög“ (1993) Tímarit lögfræðinga 28, 29.

<sup>12</sup> Alþt. 1921, A-deild, bls. 17-18; Sjá til hliðsjónar Stefán Már Stefánsson, *Hlutafélagaréttur* (Hið íslenska bókmenntafélag) 20.

<sup>13</sup> Ólafur Lárusson, „Hlutafélög og hlutafélagalög á Íslandi“ (1922/1993) Tímarit lögfræðinga og hagfræðinga, 1, 4-5.

<sup>14</sup> Áslaug Björgvinsdóttir, *Félagaréttur* (Orator 1999) 37.

<sup>15</sup> Stefán Már Stefánsson, *Hlutafélagaréttur* (Hið íslenska bókmenntafélag) 20.

lágmarki 2 stofnendur. Í einkahlutafélagi eins aðila kemur hluthafinn í stað hluthafafunda og er því ekki þörf á fundarhaldi, þ.á.m. aðalfundi. Einnig er unnt að falla frá formreglum varðandi boðun til hluthafafunda í einkahlutafélögum að vissum skilyrðum uppfylltum.<sup>16</sup> Umfjöllun ritgerðar tekur mið af hlutafélögum og er því aðeins vikið að einkahlutafélögum ef það á sérstaklega við.

Sérstakar reglur gilda um hlutafélög þar sem hlutir hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamörkuðum og á markaðstorgi fjármálagerninga. Einnig gilda sérstakar reglur um opinber hlutafélög, en það eru félög sem eru í eigu hins opinbera. Til að mynda getur opinbert hlutafélag verið í eigu eins hluthafa, sem er undantekning frá því sem gildir um önnur hlutafélög þar sem skilyrði er að það þurfi að vera tveir eða fleiri hluthafar.<sup>17</sup>

### 2.3. Áhrif Evrópuréttar

Árið 1992 var þjóðréttarsamningurinn um Evrópska efnahagssvæðið („EES samningurinn“) undirritaður af hálfu aðildarríkja Evrópusambandsins („ESB“), ESB og þriggja EFTA ríkja.<sup>18</sup> Meginmál hans var lögfest hér á landi með lögum nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið. Markmiðið með þessu samstarfi er að koma á fót innri markaði í Evrópu og tekur því EES-samningurinn aðeins til ákveðna efnisreglna ESB-réttarins, sem gilda um hinn svokallaða innri markað. Innri markaðurinn grundvallast á reglunum um frjálst flæði vöru, launþega, þjónustu og fjármagns, oft kallað *ffjórfrælsið*.<sup>19</sup>

Vegna aðildar Íslands að EES-samningnum, ber íslenskum stjórnvöldum að innleiða í landsrétt, þann hluta reglna ESB, sem lúta að innri markaði sambandsins og falla þannig undir gildissvið EES-samningsins. Hlutverk sameiginlegu EES-nefndarinnar er að taka ákvörðun um hvort löggjöf ESB-réttar verði tekin upp í EES-samninginn.<sup>20</sup> Reglugerðir eiga að vera teknar upp í landsrétt eins og þær eru, en tilskipanir veita yfirvöldum samningsaðila val um form og aðferð við framkvæmdina.<sup>21</sup> Hérlandis er löggjöfin innleidd í íslenskan rétt með lögum, reglugerðum eða stjórnvaldsfyrirmælum.<sup>22</sup> Einsleitni er hornsteinn EES-samningsins og þýðir

---

<sup>16</sup> Alþt. 1994-1995, A-deild, þskj. 100-97. mál.

<sup>17</sup> Sbr. 2. mgr. 1. gr. hfl.

<sup>18</sup> Efta ríkin eru Ísland, Noregur, Liechenstein og Sviss, en Sviss er ekki aðili að EES samningnum.

<sup>19</sup> Margrét Einarsdóttir og Stefán Már Stefánsson, „Um valdmörk og valdheimildir stofnana Evrópusambandsins og evrópska efnahagssvæðisins“ (2018) 68 Tímarit lögfræðinga 343, 375; Sjá einnig 2. gr. EES samningsins.

<sup>20</sup> Margrét Einarsdóttir, „Innleiðing afleiddrar löggjafar í íslenskan rétt – ástæður vandans og hvað er unnt að gera betur?“ (2018) 68 Tímarit lögfræðinga 3, 5-6.

<sup>21</sup> Sbr. 7. gr. EES. samningsins.

<sup>22</sup> Forsætisráðuneytið, „Skýrsla stýrihóps um framkvæmd EES-samningsins“ (Forsætisráðuneytið 2015) 19.

að mikilvægt sé að tryggja að löggjöf aðildarríkjanna sé samræmd að því leyti sem það snertir innri markað og er þetta nauðsynlegt til að tryggja áður nefnt fjórfrelsi.<sup>23</sup>

Núgildandi hlutafélagalög voru samþykkt á Alþingi árið 1994 og voru um að ræða mikilsháttar breytingar frá fyrri lögum. Helstu breytingar á lögnum voru leiddar af félagaréttartilskipunum ESB. Til að mynda var einkahlutafélagaformið kynnt til leiks með lögum nr. 138/1994 um einkahlutafélög, en fyrir gildistöku laganna var bara ein tegund hlutafélaga. Með nýju lögnum var greint á milli stærri og minni hlutafélaga, og voru lög um einkahlutafélög látin gilda fyrir minni félög og innihéldu jafnframt einfaldari reglur en þær í hlutafélagalögnum.<sup>24</sup>

Félagalöggjöf ESB og EES er eins í öllum meginatriðum og hafa því efnislega sömu reglur tekið gildi hér á landi og þær sem kveðið er á um í félagaréttartilskipunum og reglugerðum ESB. Fyrir þær sakir var ákveðið að hafa dönsku löggjöfina til fyrirmyndar þegar lög nr. 137/1994 um breytingar á hlutafélagalöggjöfinni voru samin og við gerð laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.<sup>25</sup> Með þessu náðist markmiðið um að samræma íslenska hlutafélagalöggjöf við reglur EES. Þessi samræming réttarreglna á sviði félagaréttar er mikilvæg til að vernda bæði hagsmuni félagsmanna og þriðja manns.<sup>26</sup>

Helstu tilskipanir ESB á sviði félagaréttar snúa að því, að koma í veg fyrir misnotkun hlutafélagaförmsins og kveða á um reglur varðandi stofnun félaga, fjármögnun, samruna, slit félaga og fleiri atriði. Með þessu er ekki stefnt að því að hafa eins löggjöf í öllum aðildarríkjum, heldur er tilskipununum ætlað það hlutverk að samræma tiltekin meginatriði í hlutafélagalöggjöf aðildarríkjanna. Þessi samræming skapar jafnari samkeppnisaðstöðu félaga í mismunandi ríkjum og jafnframt eykur viðskiptaöryggi.<sup>27</sup> Enn fremur stuðlar samræming að fleiri fjárfestingum yfir landamæri, þar sem grunnþekking er til staðar á þessum reglum.<sup>28</sup>

Flest aðildarríki ESB skipta félögum upp í tvo flokka og fer sú skipting almennt eftir því hvort hlutir félaga geti verið teknir til viðskipta á skipulegum markaði. Þá er mismunandi eftir ríkjum hvort þau láti félagaréttarstilskipanir ESB taka til beggja tegunda félaga.<sup>29</sup>

---

<sup>23</sup> Sjá nánar um samræmingu og einsleitnimarkmið EES-samningsins í Dr. Jur Páll Hreinsson, „*Samræmd ees-túlkun landsréttar í 25 ár*“ (2019) 69 Tímarit lögfræðinga 89.

<sup>24</sup> Stefán Már Stefánsson, „Fjölgun einkahlutafélaga yfirvofandi“ *Morgunblaðið* (Reykjavík, 16. nóvember 1995).

<sup>25</sup> Damörk er í Evrópusambandinu.

<sup>26</sup> Stefán Már Stefánsson, *Hlutafélagaréttur* (Hið íslenska bókmenntafélag) 27-30.

<sup>27</sup> Sama heimild.

<sup>28</sup> Jesper Lau Hansen, *Introduktion til selskabsretten og kapitalmarkedsretten* (Jurist- og Økonomforbundets Forlag) 231.

<sup>29</sup> Paul Krüger Andersen, „The European Model Company Act (EMCA)—a tool for European integration“ ERA Forum 19, 77–85 (2018) <https://doi.org/10.1007/s12027-018-0521-8> skoðað 30. mars 2021.

Þó nokkrar tilskipanir og reglugerðir hafa verið samþykktar með það að markmiði að virkja þátttöku hluthafa. Sem dæmi má nefna félagaréttartilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/828 um breytingu á tilskipun 2007/36/EB að því er varðar hvatningu til þátttöku hluthafa til lengri tíma („SRD II“).<sup>30</sup> Markmiðið með þessari tilskipun er að virkja þátttöku hluthafa, auka gagnsæi og efla stjórnarhætti í skráðum félögum. Sú tilskipun gerir breytingar á fyrri tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/36/EB um nýtingu tiltekinna réttinda hluthafa í skráðum félögum („SRD“).<sup>31</sup>

#### 2.4. Samþykktir félags

Hlutfélag verður ekki stofnað nema samþykktir félags liggi fyrir. Uppkast af þeim skal vera hluti af stofnsamningi og taka samþykktirnar sjálfkrafa gildi við stofnun félagsins.<sup>32</sup> Þannig eru hlutfélagalögin, stofnsamningur félagsins og samþykktirnar, þær réttarheimildir sem gilda fyrir viðkomandi hlutfélag. Samþykktir eru bindandi fyrir hluthafa, stjórn og þá sem síðar gerast hluthafar í félaginu.<sup>33</sup> Ákvörðun um breytingu á samþykktum verður einungis tekin á hluthafafundi og til þess þarf 2/3 atkvæði á fundinum, sbr. 1. mgr. 93. gr. hfl.

Í 9. gr. hfl. er kveðið á um þau atriði sem þurfa að koma fram í samþykktum félags. Heimilt er að hafa ákvæði, sem kveða á um önnur atriði, svo lengi sem ákvæðin eru ekki andstæð lögum. Ef samþykktir raskast á við hlutfélagalögin, þá er það yfirleitt ákvæði laganna sem ganga fyrir. Hægt er að víkja frá ákvæðum hlutfélagalaganna í samþykktum ef um er að ræða frávikjanleg ákvæði, en þá er tekið fram að lagaákvæðið gildi, nema annað sé ákveðið í samþykktum félags. Sem dæmi má nefna 80. gr. a. hfl., sem fjallar um rafræna hluthafafundi, en í henni segir að heimilt sé fyrir stjórn að ákveða að halda rafrænan hluthafafund að hluta til, ef ekki er kveðið á um annað í samþykktum félagsins. Einnig hafa lögin að geyma ákvæði um tiltekna réttarstöðu, sem eingöngu er hægt að nýta sér, ef það kemur fram í samþykktum félagsins. Dæmi um slíkt er 2. mgr. 80. gr. a. hfl., sem segir að til þess að halda rafrænan hluthafafund að öllu leyti, þarf að koma fram ákvæði þess efnis í samþykktum félagsins. Að lokum má einnig hafa í samþykktum ákvæði um ólögákvæðin atriði, ef þau fjalla um efni sem varða gerð og rekstur viðkomandi félags.<sup>34</sup>

Samþykktir félags eru ólíkar hluthafasamkomulagi, en það síðarnefnda bindur einungis þá aðila sem eru aðilar að samkomulaginu, en ekki aðra. Fyrir þær sakir er túlkun samþykkt

<sup>30</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/828 um breytingu á tilskipun 2007/36/EB að því er varðar hvatningu til þátttöku hluthafa til lengri tíma OJ L 132/1.

<sup>31</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/36/EB um nýtingu tiltekinna réttinda hluthafa í skráðum félögum OJ L 184/17.

<sup>32</sup> Sbr. 1. mgr. 3. gr. hfl.

<sup>33</sup> Stefán Már Stefánsson, *Hlutfélagaréttur* (Hið íslenska bókmenntafélag) 66-67.

<sup>34</sup> Sama heimild.

einnig með öðrum hætti. Þegar túlka þarf samþykktir er ekki eingöngu horft til hver hinn raunverulegi vilji hluthafa var, heldur verður einnig að taka tillit til hagsmuna þriðja aðila og opinberra aðila.<sup>35</sup>

## 2.5. Hluthafar og hlutafé

Hluthafi í félagi telst hver sá sem á hlut í því. Í hlutafélögum er gerð sú krafa að við stofnun hlutafélags verði að vera að minnsta kosti tveir hluthafar, en slíta skal félagi ef hluthafar verða færri en tveir og ekki verður bætt úr því á þremur mánuðum.<sup>36</sup> Sú regla gildir ekki um einkahlutafélög, þar sem um getur verið að ræða einkahlutafélag eins aðila sbr. umfjöllun að ofan.<sup>37</sup>

Í hlutafélagi skal vera tiltekið stofnfé sem nefnist hlutafé og á það að vera skipt í tvo eða fleiri hluti.<sup>38</sup> Meginreglan er sú að allir hlutir í félagi skuli hafa jafnan rétt, sbr. 2. mgr. 20. gr. hfl. Réttindi sem fylgja hlutum má skipta í tvo flokka, annars vegar fjárhagsleg réttindi og hins vegar félagsleg réttindi. Sem dæmi um fjárhagsleg réttindi má nefna réttinn til að fá arð úr félagi og réttinn til að selja og kaupa hluti, þ.e. ráðstafa þeirri eign sem felst í hlut með löggerningum. Þegar talað er um félagsleg réttindi hluthafa er átt við réttinn til að hafa áhrif á stjórn félags.<sup>39</sup> Í ritgerð þessari er áhersla lögð á félagsleg réttindi hluthafa og verður fjallað nánar um þau í kafla 3.4.

## 2.6. Stjórnarkerfi hlutafélaga

Samkvæmt hlutafélagalögunum skal stjórnkerfi hlutafélaga vera þrískipt. Þessar þrjár stjórnareiningar eru félagsstjórn, framkvæmdastjóri og hluthafafundur, og eiga þær alltaf að vera fyrir hendi í hlutafélagi. Auk þess er unnt að skipa í fulltrúanefnd, en það er ekki skylt samkvæmt lögum. Hverri stjórnareiningu er ætlað sérstakt hlutverk og er kveðið á um valdsvið þeirra í hlutafélagalögunum. Óheimilt er að framselja valdheimildir um málefni, sem kveðið er á um í ófrávíkjanlegum ákvæðum hlutafélagalaganna.<sup>40</sup>

Í stjórninni eiga a.m.k. þrjú sæti og fer kosning fram á hluthafafundi.<sup>41</sup> Framkvæmdastjóri er ráðinn af stjórninni og er heimilt að ráða allt að þrjú framkvæmdastjóra, nema kveðið sé á um fleiri í samþykktum félagins, og er þá talað um framkvæmdastjórn.<sup>42</sup>

---

<sup>35</sup> Stefán Már Stefánsson, *Hlutafélagaréttur* (Hið íslenska bókmenntafélag) 65.

<sup>36</sup> Sbr. 20. gr. hfl. og 107. gr. hfl.

<sup>37</sup> Umfjöllun í kafla 2.2. og 2.3., og sbr. 2. mgr. 1. gr. laga um einkahlutafélög.

<sup>38</sup> Sbr. 3. mgr. 1. gr. hfl.

<sup>39</sup> Stefán Már Stefánsson, *Hlutafélagaréttur* (Hið íslenska bókmenntafélag) 120.

<sup>40</sup> Sama heimild 239.

<sup>41</sup> Sbr. 63. gr. hfl.

<sup>42</sup> Sbr. 1. mgr. 65. gr. hfl.

Félagsstjórn hefur mikil völd og getur gefið framkvæmdastjóra fyrirmæli og hefur jafnframt eftirlit með honum. Í 68. gr. hfl. segir að félagsstjórn fari með málefni félagsins og skuli annast um að skipulag félags og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Einnig kemur fram að félagsstjórn og framkvæmdastjóri fara með stjórn félagsins. Í sömu lagagrein er kveðið á um að framkvæmdastjóri skuli fara með daglegan rekstur félagsins og fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem félagsstjórn hefur gefið.

Vert er að benda á að þótt löggin kveði á um skýra verkaskiptingu og ákveðin valdsvið, þá gera þau einnig ráð fyrir samvinnu og eftirliti með ýmsum hætti. Sem dæmi má nefna að hluthafafundur, hefur eftirlitshlutverk gagnvart stjórn félagsins, sem æðri stjórnareining, en jafnframt koma upp tilvik þar sem þær verða að vinna saman, t.d. við úthlutun arðs samkvæmt 1. mgr. 101. gr. hfl.<sup>43</sup>

Mismunandi getur verið eftir einstökum félögum, hvernig stjórnarkerfi þeirra er byggt upp. Hlutfélög hafa nokkuð frjálsar hendur um það hvernig stjórnarkerfinu þeirra sé háttað, svo lengi sem það er innan þess ramma sem hlutfélagalögin setja. Atriði sem geta skipt máli í þessu samhengi eru t.d. stærð félagsins, hvort framkvæmdastjóri sé einnig stjórnarformaður í félagi og eignarhald á hlutum félagsins. Ef einn hluthafi eða hluthafahópur hefur meirihluta í félagi, þá er hægt að hafa meiri áhrif á hluthafafundi og þannig á stjórnun félagsins. Á hinn bóginn ef hlutir félagsins eru dreifðir á fleiri hluthafa, þá verða áhrif hluthafafundar minni. Af þessu er ljóst hvað hluthafahópur viðkomandi félags getur skipt miklu máli, þar sem þeir eiga sæti í þessum stjórnareiningum.<sup>44</sup> Í næsta kafla verður vikið að stöðu hluthafafunda í stjórnkerfi hlutfélaga og þeim atriðum sem ber að gæta að við fundarhald.

### **3. Hluthafafundur**

#### **3.1. Almennt um hluthafafundi**

Í 1. mgr. 80. gr. hfl. er kveðið á um að hluthafafundur fari með æðsta vald í málefnum félagsins samkvæmt því sem lög og samþykktir þess ákveða. Í 2. mgr. segir að hluthafar fari með ákvörðunarvald sitt í málefnum félagsins á hluthafafundi.

Meginreglan er að hluthafafundur getur gert ályktanir um sérhvert málefni sem félagið varðar og ber öðrum stjórnaraðilum félagsins að fara eftir því. Frá þessu eru þó undantekningar, t.d. ef kveðið er á um aðra valdaskiptingu í hlutfélagalögunum eða samþykktum félagsins. Sem dæmi má nefna að stjórn verður að samþykkja þá fjárhæð sem úthluta á sem arði, sbr. 1.

---

<sup>43</sup> Stefán Már Stefánsson, *Hlutfélagaréttur* (Hið íslenska bókmenntafélag) 239.

<sup>44</sup> Sjá Stefán Már Stefánsson, *Hlutfélagaréttur* (Hið íslenska bókmenntafélag) 239-240; Sjá einnig Götz Hueck, *Gesellschaftsrecht* 204.

mgr. 101. gr. hfl. Hluthafafundur hefur jafnframt eftirlit með störfum stjórnar og framkvæmdastjóra og getur krafist þessa aðila um upplýsingar um málefni félagsins.<sup>45</sup>

Í hlutafélagalögunum er kveðið á um nokkur atriði sem ekki verða teknar ákvarðanir um nema á hluthafafundi og er fundinum að jafnaði ekki heimilt að framselja völd varðandi slíkar ákvarðanir. Dæmi um slíkt lagaákvæði er áður nefnda 93. gr. hfl. sem kveður á um að einungis hluthafafundur geti breytt samþykktum og einnig 2. mgr. 80. gr. hfl. um rafræna hluthafafundi.

Á hluthafafundum geta hluthafar haft áhrif á starfsemi félagsins og komið sínum sjónarmiðum á framfæri við stjórnendur, en utan hluthafafundar eiga hluthafar ekki lagalegan rétt til að hafa áhrif á starfsemi félagsins. Til að mynda er óheimilt fyrir hluthafa að snúa sér beint til félagsstjórnar eða framkvæmdastjóra.<sup>46</sup>

Samkvæmt 84. gr. hfl. skal halda aðalfund eftir því sem samþykktir félagsins ákveða, en þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári og aldrei síðar en innan átta mánaða, frá lokum hvers reikningsárs.<sup>47</sup> Í 85. gr. hfl. kemur fram að þeir hluthafar sem ráða yfir minnst 1/10 hlutfjárins, geta krafist þess að aukafundur verði haldinn, að því tilskildu, að það hafi verið gert með skriflegum hætti og gert grein fyrir fundarefni. Stjórn félagsins getur einnig óskað eftir aukafundi, ef þörf er á ákvarðanatöku í mikilvægum málefnum félagsins. Á aðalfundi er skylt að taka ýmis málefni til meðferðar, t.d. kosningu stjórnar, ákvörðun launa stjórnarmanna, staðfestingu ársreikninga, samþykki starfskjarastefnu og ákvörðun um hvernig skuli fara með hagnað eða tap af rekstri. Einnig er skylt að taka málefni samkvæmt fyrirmælum félagssamþykktanna.<sup>48</sup> Helsti munurinn á aðalfundum og aukafundum er sá, að félögum ber lagaleg skylda að halda aðalfundi a.m.k. einu sinni á ári og ber að taka ýmis málefni fyrir. Valdsvið og hlutverk fundanna er að öðru leyti það sama.<sup>49</sup>

Á hefðbundnum hluthafafundi verða hluthafar sjálfir að mæta á fundarstað eða nýta sér heimildina til að senda umboðsmann í sinn stað sbr. 81. gr. hfl.<sup>50</sup> Með breytingarlögum nr. 89/2006, var nýtt ákvæði, 80. gr. a. hfl. kynnt til leiks, sem heimilar rafræna hluthafafundi.<sup>51</sup> Megináhersla ritgerðar er lögð á rafræna hluthafafundi og verður fjallað um slíka fundi í 4. - 6. kafla.

<sup>45</sup> Stefán Már Stefánsson, *Hlutafélagaréttur* (Hið íslenska bókmenntafélag) 246, 249.

<sup>46</sup> Sama heimild 242.

<sup>47</sup> Reikningsár félaga er fjárhagsárið þeirra, þ.e. hvaða 12 mánaða tímabil félagið notar í bókhaldsskyni. Sem dæmi nota mörg félög almannaksárið sem reikningsárið sitt og þá lýkur reikningsárið 31. desember.

<sup>48</sup> Sbr. 2. mgr. 84. gr. hfl.

<sup>49</sup> Stefán Már Stefánsson, *Hlutafélagaréttur* (Hið íslenska bókmenntafélag) 241.

<sup>50</sup> Á ensku: *Physical shareholder meeting*.

<sup>51</sup> Alþt. 2005-06, A-deild, þskj. 666-444. mál.

Af framangreindu er ljóst að hluthafafundur er æðsta stjórnareining félags. Til þess að hluthafafundur getur gegnt hlutverki sínu sem æðsta vald félagsins og vettvangur hluthafa til að hafa áhrif á starfsemi félagsins, þarf að gæta að nokkrum reglum. Þessar reglur eiga bæði við um aðalfundi og aukafundi og verður nú vikið að þeim.

### 3.2. Boðun hluthafafunda

Hluthafafundur hefur verið skilgreindur með eftirfarandi hætti: „Þegar hluthafar koma saman, sérstaklega til þess kvaddir, til þess að ræða félagsmálefni og taka ákvörðun um þau“. Fundur sem kann að vera haldinn í öðrum tilgangi eða við aðrar aðstæður er ekki hluthafafundur í skilningi hlutafélagalaga.<sup>52</sup>

Hluthafafundur þarf að vera boðaður með ákveðnum hætti, til þess að hann teljist löglegur. Samkvæmt 1. mgr. 87. gr. hfl. á félagsstjórn að annast boðun til hluthafafunda. Í 88. gr. hfl. er kveðið á um þau atriði sem ber að gæta að við boðun fundar, m.a. reglur um boðunarfrest, hvernig skuli vera boðið og hvað skal koma fram í fundarboði.

Meginreglan um boðunarfrest er sú að boða skal til fundar, lengst fjórum vikum fyrir fund og skemmst viku fyrir aukafund, en tveimur vikum fyrir aðalfund. Þá eru undantekningar frá þessu, t.d. er hægt að ákveða lengri frest í samþykktum félags og einnig er heimilt að halda hluthafafund, sem boðaður er með skemmst einnar viku fyrirvara, ef hluthafar sem ráða yfir 90% af hlutafé, samþykkja það fyrirfram skriflega.<sup>53</sup>

Samkvæmt 88. gr. a. hfl. skal hlutafélag, þar sem hlutir hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, boða til hluthafafundar minnst þremur vikum fyrir fund. Hafi félag heimilað rafræna atkvæðagreiðslu fyrir alla hluthafa, sbr. 80. gr. a. hfl., getur það boðið til fundar, minnst tveimur vikum fyrir hluthafafund, en þó ekki til aðalfundar.<sup>54</sup>

Í boðun þarf að vera getið að dagskrá fundar svo hluthafar fái vitneskju um hvaða mál á að taka afstöðu til á fundi. Ef taka á til meðferðar á fundinum tillögu til breytinga á samþykktum skal greina meginefni tillögunnar í fundarboði.<sup>55</sup> Félög eiga að ákveða nánari reglur um boðun hluthafafundar í samþykktum félagsins sbr. 7. tl. 2. mgr. 9. gr. hfl.

### 3.3. Fundarmenn

Hluthafafundur er almennt lokaður fyrir utanaðkomandi aðilum og eru það fyrst og fremst hluthafar sem eiga rétt á að sækja hluthafafundi. Í 3. mgr. 80. gr. hfl. er kveðið á um rétt

---

<sup>52</sup> Stefán Már Stefánsson, *Hlutafélagaréttur* (Hið íslenska bókmenntafélag) 241.

<sup>53</sup> Sbr. 1. mgr. 88. gr. hfl.

<sup>54</sup> Sbr. 2. mgr. 88. gr. a. hfl.

<sup>55</sup> Sbr. 3. mgr. 88. gr. hfl.



hluthafa til að sækja hluthafafund og taka þar til máls. Þessi réttur er þó ekki bundinn við þá eina, heldur er hægt að nýta þennan rétt á nokkra vegu með mismunandi heimildum.<sup>56</sup>

Hluthafar geta bæði verið einstaklingar og lögaðilar. Þegar um er að ræða lögaðila þá fer það eftir löggjöfnni hvaða einstaklingar hafa rétt á að sækja hluthafafund fyrir þeirra hönd. Forsvarsmaður hluthafa nýtur sömu stöðu og hluthafi, hvort sem það er lögráðamaður einstaklings eða fyrirsvarsmaður lögaðila.<sup>57</sup>

Heimilt er fyrir hluthafa að láta umboðsmann sækja fund fyrir sína hönd, sbr. 1. mgr. 81. gr. hfl.<sup>58</sup> Lagaákvæðið er ófrávíkjanlegt og er því ekki unnt að skerða þann rétt hluthafa til að senda umboðsmann í sinn stað á hluthafafund.<sup>59</sup> Engar takmarkanir eru á því í lögum hver getur verið umboðsmaður, en hann verður þó að leggja fram skriflegt eða rafrænt og dagsett umboð, sem ekki má gilda lengur en í eitt ár frá dagsetningu þess.<sup>60</sup> Heimilt er að afturkalla umboð hvenær sem er, sbr. 2. mgr. 81. gr. hfl.

Einnig kemur fram í 1. mgr. 81. gr. hfl. að hluthafi á rétt á að hafa með sér ráðgjafa á fundi, en hefur sá ráðgjafi ekki tillögurétt né atkvæðisrétt. Hluthafa er þó heimilt að gefa ráðgjafa sínum orðið fyrir sína hönd, og hefur ráðgjafinn þannig málfrelsi, sbr. umfjöllun í næsta kafla. Ekki er unnt að skerða rétt hluthafa til að hafa með sér ráðgjafa, hvorki með ákvæðum í samþykktum, né á annan hátt.<sup>61</sup>

Stjórnarmönnum og framkvæmdastjóra er rétt og skylt að mæta á hluthafafund. Eðli máls samkvæmt, hafa þeir rétt á að tjá sig á hluthafafundi, enda er réttur hluthafa að fá að krefjast upplýsinga frá þeim aðilum. Þeir hafa þó ekki atkvæðisrétt, nema þeir séu jafnframt hluthafar.<sup>62</sup>

Í 107. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 er kveðið á um að endurskoðendur og skoðunarmenn eigi rétt á að sitja félagsfundum og að þeir skuli sitja fundi, ef félagsstjórn eða framkvæmdastjóri, einstakir stjórnarmenn eða félagsaðilar fara þess á leit. Enn fremur kemur fram í 2. mgr. sömu greinar að endurskoðendur og skoðunarmenn eigi að svara fyrirspurnum á aðalfundi um ársreikning þann, sem er til umfjöllunar og þeir hafa áritað. Í félögum, þar sem

---

<sup>56</sup> Stefán Már Stefánsson, *Hlutfélagaréttur* (Hið íslenska bókmenntafélag) 248.

<sup>57</sup> Stefán Már Stefánsson, *Hlutfélagaréttur* (Hið íslenska bókmenntafélag) 248; Sjá einnig Bernhard Gomard: *Aktieselskaber og anpartsselskaber* 246.

<sup>58</sup> Á ensku er oft talað um umboðsaðila sem *proxy* eða *Power of Attorney*; Sjá sem dæmi 1. tl. 10. gr. SRD um nýtingu tiltekinna réttinda hluthafa í skráðum félögum: „Every shareholder shall have the right to appoint any other natural or legal person as a proxy holder to attend and vote at a general meeting in his name. The proxy holder shall enjoy the same rights to speak and ask questions in the general meeting as those to which the shareholder thus represented would be entitled“.

<sup>59</sup> Stefán Már Stefánsson, *Hlutfélagaréttur* (Hið íslenska bókmenntafélag) 249.

<sup>60</sup> Sbr. 2. mgr. 81. gr. hfl.

<sup>61</sup> Stefán Már Stefánsson, *Hlutfélagaréttur* (Hið íslenska bókmenntafélag) 249.

<sup>62</sup> Sama heimild 250.

hlutir hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, er skylt að kjósa endurskoðanda eða endurskoðunarfyrrtæki, og skulu þeir þá sitja aðalfund.<sup>63</sup>

Að lokum ber að nefna að fundarstjóri á rétt á að sækja hluthafafund, sbr. 1. mgr. 90. gr. hfl. og eðli máls samkvæmt. Sama gildir um fulltrúarnefndarmenn, ef um þá ræðir í félagi sbr. 73. gr. hfl.

Fulltrúum fjölmiðla er heimilt að sækja aðalfund opinbers hlutafélags. Kjörnum fulltrúum eigenda, þingmönnum ef ríkið er eigandi og viðkomandi sveitarstjórnarmönnum, ef sveitarfélag er eigandi, er heimilt að sækja aðalfund með rétt til að bera fram skriflegar fyrirspurnir.<sup>64</sup>

Almennt eiga aðrir ekki rétt á að sækja hluthafafund. Stjórn getur þó ákveðið annað í fundarboði, til að mynda að hluthafafundur sé opin almenningi. Einnig er hægt að heimila aðilum aðgang að hluthafafundi með sérstöku leyfi. Það er á valdi fundarstjóra að ákveða hvort þetta samrýmist lögum og samþykktum félagsins, en betur verður fjallað um hlutverk fundarstjóra í kafla 3.5.<sup>65</sup>

### **3.4. Réttur hluthafa á hluthafafundi**

Eins og vikið var að hér fyrir ofan hafa hluthafar félagsleg réttindi, en það eru réttindi hluthafa til að hafa áhrif á stjórn félags. Einnig er vísað í þessi félagsleg réttindi sem stjórnunarlegar heimildir hluthafa.<sup>66</sup> Þetta er réttur til að taka til máls, réttur til að fá upplýsingar, tillöguréttur og réttur til að greiða atkvæði.

Meginreglan er sú að allir hlutir í félagi hafi jafnan rétt. Í þessu samhengi má nefna möguleikann, til að víkja frá þessari meginreglu og láta mismunandi rétt fylgja einstökum hlutum. Þá eru hlutum í viðkomandi félagi skipt í sérstaka flokka, t.d. A og B hluti. Til þess þarf að kveða á um slíkt í samþykktum félags.<sup>67</sup>

Hafa ber í huga og eins og fyrr greinir er hluthafafundur æðsta stjórnareining félagsins og hefur eftirlit með störfum stjórnar og framkvæmdastjóra. Því er enn fremur mikilvægt að tryggja að lögbundnum réttindum hluthafa, til að mæta á hluthafafund, spyrja um málefni félagsins, fá upplýsingar um starfsemi félagsins, hafa áhrif á mál með tillögum og nýta atkvæðisrétt.

---

<sup>63</sup> Alþt. 2009-2010, A-deild, þskj. 636-340. mál.

<sup>64</sup> Fulltrúum opinbers hlutafélags heimilt að sækja aðalfund félagsins sbr. 4. mgr. 80. gr. hfl.

<sup>65</sup> Stefán Már Stefánsson, *Hlutafélagaréttur* (Hið íslenska bókmenntafélag) 250.

<sup>66</sup> Sjá sem dæmi Alþt. 2005-06, A-deild, þskj. 666-444. mál, athugasemdir við 4. gr.

<sup>67</sup> Sbr. 2. mgr. 20. gr. hfl.

### 3.4.1. Réttur til að taka til máls

Í 3. mgr. 80. gr. hfl. er kveðið á um rétt hluthafa til að mæta á hluthafafund og tjá sig. Þetta er ófrávíkjanleg regla og er réttur hvers hluthafa, hvorki háður stærð hlutar í félaginu, né hvort atkvæðisréttur fylgi hlut. Sá sem tekur til máls, verður að hlíta ákvörðun fundarstjóra um röð málshefjenda og halda sig við þá liði sem eru á dagskrá fundarins. Þá ber einnig að virða tímatakmarkanir sem settar, eru um ræðutíma og afgreiðslu mála.<sup>68</sup>

### 3.4.2. Réttur til upplýsinga

Í 91. gr. hfl. er kveðið á um upplýsingaskyldu félaga. Í ákvæðinu segir orðrétt:

Þegar hluthafi krefst þess og slíkt má verða án verulegs tjóns fyrir félagið að mati félagsstjórnar, skulu félagsstjórn og framkvæmdastjóri leggja fram á hluthafafundi upplýsingar um þau málefni, sem skipta máli um mat á ársreikningi félagsins og stöðu þess að öðru leyti, eða áhrif geta haft á afstöðu hluthafa til mála, er ákvörðun á að taka um á fundinum.

Ef þessar upplýsingar eru ekki aðgengilegar á hluthafafundi, skulu hluthafar innan fjórtan daga þar frá eiga aðgang að skriflegum upplýsingum hjá félaginu og einnig skulu þær sendar þeim hluthöfum er þess hafa óskað.<sup>69</sup>

### 3.4.3. Tillöguréttur

Í 86. gr. hfl. er kveðið á um að hluthafar eigi rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi. Hluthafar þurfa að tilkynna með nægilegum fyrirvara að þeir óski eftir því að tillögur verði teknar til umræðu á fundinum, svo unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.

Í félögum þar sem hlutir hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, skal fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun til félagsstjórnar eigi síðar en viku fyrir boðun, auk þess má gera kröfu síðasta lagi tíu daga fyrir aðalfund. Félagsstjórn skal upplýsa hluthafa a.m.k. þremur dögum fyrir fundinn um kröfuna og eftir atvikum tillöguna.<sup>70</sup>

### 3.4.4. Atkvæðisréttur

Í 82. gr. hfl. er kveðið á um að hver hlutur veitir atkvæðisrétt. Samkvæmt þessu má ætla að hver hluthafi njóti atkvæðisréttar í samræmi við hlutfjáreign sína, en frá þessu eru þó nokkrar undantekningar. Sem dæmi má ákveða í samþykktum að hlutir skuli hafa aukið atkvæðagildi eða megi vera án atkvæðisréttar. Eigin hlutir njóta jafnframt ekki atkvæðisréttar, sbr. 3. mgr. 82. gr. hfl. Ef um vanhæfi er að ræða er óheimilt að taka þátt í atkvæðagreiðslu, sbr. 4. mgr. 82. gr. hfl.

<sup>68</sup> Áslaug Björgvinsdóttir, „Málfrelsi hluthafa á hluthafafundum“ (2007) 60 Úlfjótur, 176-178.

<sup>69</sup> Sbr. 2. mgr. 91. gr. hfl.

<sup>70</sup> Sbr. 2. mgr. 86. gr. hfl.

Atkvæðamagn getur verið mismunandi eftir því hvers konar tillögu er verið að greiða atkvæði um, en almennt gildir einfaldur meirihluti, nema á annan veg sé mælt í lögum eða samþykktum.<sup>71</sup> Form atkvæðagreiðslu getur verið með ýmsum hætti og er það almennt ákvörðun fundarstjóra hvað verður fyrir valinu. Algengar aðferðir eru handaupprétting, skrifleg atkvæðagreiðsla, samþykki með þögn, skipting í hópa eftir afstöðu og nafnakall.<sup>72</sup>

### 3.5. Fundarstjóri

Hluthafafundi er stjórnað af fundarstjóra sem er sérstaklega kosinn af fundinum, nema annað sé ákveðið í samþykktum sbr. 1. mgr. 90. gr. hfl. Til að mynda er hægt að hafa ákvæði í samþykktum um að stjórnarformaður sé ávallt fundarstjóri. Hlutverk fundarstjóra eru ýmis, en fyrst og fremst að stýra hluthafafundi. Fundarstjóri hugar að lögmæti hluthafafundar og tekur ákvarðanir um þau lagalegu álitaefni, sem kunna að koma upp. Til þess ber honum að túlka og beita lögum og reglum félagsins. Ákvarðanir fundarstjóra um lögfræðileg álitaefni eru ekki endanlegar, þar sem synja ber skráningum á ákvörðunum, sem ekki eru teknar á þann hátt og kveðið er á um í lögum eða samþykktum félags. Unnt er að bera ákvarðanir fundarstjóra undir dómstóla ef ágreiningur er.<sup>73</sup>

Með 80. gr. a. hfl. um rafræna hluthafafundi, breytist hlutverk fundarstjóra þó nokkuð. Til að mynda kemur það í hans hlut að sjá til þess að tækjabúnaður sem notaður er standist kröfur ákvæðisins. Jafnframt geta komið upp álitamál sem ekki þekktust áður, eins og tæknilegir örðugleikar, sambandsrof o.fl.<sup>74</sup>

## 4. Rafrænir hluthafafundir

Í 80. gr. a. hlutfélagalaga koma fram heimildir til að halda rafræna hluthafafundi. Með rafrænum hluthafafundi er átt við að hluthafar geti nýtt sínar stjórnunarlegu heimildir, þ.e. réttinn til að sækja fund, taka til máls og greiða atkvæði, með notkun rafrænna miðla án þess að vera viðstaddir fundinn með hefðbundnum hætti.<sup>75</sup> Í lagaákvæðinu er að finna bæði heimild til að halda rafræna hluthafafundi að hluta til og að öllu leyti.

Félagsstjórn getur ákveðið að halda rafrænan hluthafafund að hluta til, ef ekki er kveðið á um annað í samþykktum félagsins.<sup>76</sup> Á hinn bóginn þarf samþykki hluthafafundar til þess að halda rafrænan hluthafafund að öllu leyti.<sup>77</sup> Þá eru mismunandi kröfur gerðar til

<sup>71</sup> Sbr. 92. gr. hfl.; Einfaldur meirihluti þýðir helmingur greiddra atkvæða + 1% (51%).

<sup>72</sup> Stefán Már Stefánsson, *Hlutfélagaréttur* (Hið íslenska bókmenntafélag) 275.

<sup>73</sup> Sama heimild 272-274.

<sup>74</sup> Alþt. 2005-06, A-deild, þskj. 666-444. mál.

<sup>75</sup> Sama heimild.

<sup>76</sup> Sbr. 1. mgr. 80. gr. a. hfl.

<sup>77</sup> Sbr. 2. mgr. 80. gr. a. hfl.

ákvarðanaferlisins, þar sem rafrænn hluthafafundur að öllu leyti, getur haft mun meiri áhrif á hluthafa, en hluthafafundur sem er að hluta til rafrænn. Með ákvörðun félagsstjórnar að halda rafrænan hluthafafund að hluta til, er aðeins verið að veita hluthöfum heimild á að nýta þann valmöguleika. Hins vegar þegar um er að ræða rafrænan hluthafafund að öllu leyti er eingöngu í boði að taka þátt með rafrænum hætti. Sú ákvörðun að halda rafrænan hluthafafund að öllu leyti, getur jafnframt verið til hagsbóta fyrir einhverja hluthafa, en íþyngjandi fyrir aðra.<sup>78</sup>

Með frumvarpi til laga nr. 89/2006 voru lagðar til talsverðar breytingar á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög. Breytingarnar tóku mið af niðurstöðum nefndar um stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis. Meðal þeirra breytinga var rafræn þátttaka í hluthafafundum sem kom fram í 4. gr. frumvarpsins. Sú breyting er byggð á dönskum lögum, en Danir ákváðu að heimila rafræna hluthafafundi með lagabreytingu árið 2003. Jafnframt var stefnan í þessa átt á Evrópska efnahagssvæðinu.<sup>79</sup>

Á þeim tíma sem frumvarp breytingarlaganna var samþykkt á Alþingi, var SRD ennþá í vinnslu, en hún var samþykkt árið 2007 og er fjallað um rafræna þátttöku hluthafa í hluthafafundum í 8. gr. hennar.<sup>80</sup> Samkvæmt henni eiga aðildarríki að heimila félögum að bjóða uppá rafræna þátttöku hluthafa í hluthafafundi og án þörf umboðsmanns sem þyrfti að vera viðstaddur með hefðbundnum hætti.<sup>81</sup> SRD var innleidd með lögum nr. 126/2009 um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (réttindi hluthafa).

Með SRD II voru gerðar breytingar á fyrri SRD, að því er varðar hvatningu til þátttöku hluthafa til lengri tíma.<sup>82</sup> Með SRD II eru settar reglur um nýtingu ákveðna réttinda hluthafa sem fylgja atkvæðisrétti í tengslum við aðalfundi skráðra félaga. Þá kemur eftirfarandi fram um efni tilskipunarinnar:

Hlutabréf skráðra félaga eru oft haldin í flóknum milliliðakeðjum sem gera nýtingu réttindi hluthafa í slíkum félögum flóknari. Erfitt getur verið fyrir félög að vita deili á hluthöfum félagsins en auðkenning hluthafa er forsenda beinna samskipta milli hluthafa og félags og nauðsynlegur þáttur til að auðvelda hluthafa að nýta sér réttindi sín í tengslum við aðalfund. Þetta á sérstaklega við þegar hluthafi er með fasta búsetu í öðru ríki og þegar notaðir eru rafrænar aðferðir.<sup>83</sup>

<sup>78</sup> Alþt. 2005-06, A-deild, þskj. 666-444. mál.

<sup>79</sup> Alþt. 2005-06, A-deild, 444.mál, samanburður á milli landa: nokkrar athugasemdir, erindi nr. 132/1379.

<sup>80</sup> SRD er stytting á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/36/EB frá 11. Júlí 2007 um nýtingu tiltekinn réttinda hluthafa í skráðum félögum, sbr. umfjöllun í kafla 2.3.; Einnig þekkt sem Shareholder Rights Directive.

<sup>81</sup> Ákvæðið er svohljóðandi: Article 8 of the 2007 Shareholder Rights Directive [2007/36/EC] requires member states to permit companies to offer participation in general meetings by electronic means and without the need to appoint a proxy that is physically present at the meeting.

<sup>82</sup> SRD II er stytting á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2017/828 frá 17. maí 2017 um breytingu á tilskipun 2007/36/EB að því er varðar hvatningu til þátttöku hluthafa til lengri tíma, sbr. umfjöllun í kafla 2.3.

<sup>83</sup> „Nánari efnisumfjöllun“ <https://gagnagrunnur.ees.is/3201710828#Almennaruppl%C3%BDsingar> < skoðað 30. mars 2021.

Aðeins er gert ráð fyrir að ákvæði SRD og SRD II nái til skráðra félaga, en ríkjum er heimilt að láta ákvæðin ná til hlutafélaga almennt og jafnvel einkahlutafélaga. Á Íslandi var fyrri SRD tilskipunin innleidd með lögum nr. 126/2009 og látin gilda um bæði hlutafélög og einkahlutafélög. Ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar um SRD II var samþykkt 11. desember árið 2020, en tilskipunin hefur ekki enn verið innleidd í íslenskan rétt.<sup>84</sup>

Fyrir tilkomu heimildir 80. gr. a. hfl., gat hluthafi látið umboðsmann sækja hluthafafund og greitt þar atkvæði fyrir sína hönd, en sjálfur átti hluthafinn engan annan kost á því að sækja hluthafafund, né greiða atkvæði með öðrum hætti en þeim hefðbundna.<sup>85</sup>

Í athugasemdum við frumvarp laganna kemur fram að 80. gr. a. nái *ekki* til þeirra hluthafafunda þar sem rafrænir miðlar eru notaðir sem hjálpartæki, en allir þátttakendur eru viðstaddir með hefðbundnum hætti, t.d. hluthafafundur sem er haldinn á sama tíma í mörgum sölum sem eru innbyrðis tengdir með stórum sjónvarpsskjám og hluthafar eða fulltrúar þeirra verða að vera á staðnum til að geta tekið þátt í fundinum.<sup>86</sup>

#### 4.1. Sérreglan um skráð félög

Sérstakar reglur gilda um hlutafélög sem hafa hlutabréf sín skráð á skipulegum verðbréfamörkuðum og á markaðstorgi fjármálagerna. Í 2. ml. 1. mgr. 80. gr. a. hfl. er kveðið á um að félög, sem eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði sé *skyld* að gefa hluthöfum kost á að greiða atkvæði um mál, sem eru á dagskrá hluthafafundar, bréflaga eða rafrænt. Með lögfestingu slíkrar skyldu er ætlunin að veita hluthöfum skráðra félaga tækifæri til að hafa áhrif í félaginu og nýta réttindi sín á auðveldan og ódýran hátt. Þetta getur einnig haft jákvæð áhrif á fjárfestingar milli landa.<sup>87</sup>

Arion banki er dæmi um hlutafélag, þar sem hlutir hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Samkvæmt fyrrnefndri reglu skulu hluthafar eiga kost á því að greiða atkvæði um mál sem eru á dagskrá hluthafafundar Arion, bréflaga eða rafrænt. Félagsstjórn Arion banka hafa ákveðið að hluthafar skulu eiga kost á því að greiða atkvæði með *rafrænum hætti* og eru þær reglur, sem gilda um rafræna atkvæðagreiðslu að finna á heimasíðu félagsins.<sup>88</sup>

---

<sup>84</sup> Ákvörðun Sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 235/2020, frá 11. desember 2020 um breytingu á XXIL. viðauka við EES-samninginn (Félagaréttur) við EES-samninginn.

<sup>85</sup> Alþt. 2005-06, A-deild, þskj. 666-444. mál.

<sup>86</sup> Sama heimild.

<sup>87</sup> Sama heimild.

<sup>88</sup> Sjá nánar, „Reglur um rafræna atkvæðagreiðslu utan hluthafafunda“ (Arion Banki, 19. febrúar 2021) <https://www2.arionbanki.is/library/skrar/English/About-the-Bank/Investor-Relations/Shareholders-meetings/Adalfundur-16.03.2021/Reglur%20um%20rafr%C3%A6na%20atkv%C3%A6%C3%B0agrei%C3%B0slu.pdf> Skoðað 1. maí 2021.

Sambærilegt ákvæði og 80. gr. a. hfl. er að finna í 55. gr. a. ehfl., að frátaldri fyrrnefndri sérreglu, sem eðli síns vegna á ekki við um einkahlutafélög.<sup>89</sup>

## 4.2. Rafrænn hluthafafundur að hluta til

Sú heimild, að halda rafrænan hluthafafund að hluta til, kemur fram í 1. ml. 1. mgr. 80. gr. a. hfl. Til þess nægir ákvörðun félagsstjórnar, ef annað kemur ekki fram í samþykktum félagsins. Rafrænar hluthafafundir að hluta til, eru haldnir með hefðbundnum hætti, en þá stendur hluthöfum einnig til boða að taka þátt með rafrænum hætti, þ.e. með notkun rafrænna miðla.<sup>90</sup>

Höfundur fékk sérstakt leyfi til að vera viðstödd aðalfund Sjóvár, sem haldinn var 12. mars 2021. Hluthafafundur félagsins var að hluta til rafrænn og var þetta jafnframt frumraun Sjóvár í framkvæmd rafrænna hluthafafunda. Við framkvæmdina var notast við veflausn og snjallforrit Lumi AGM. Fundinum var streymt fyrir þá, sem ekki voru viðstaddir með hefðbundnum hætti, en einnig var í boði að mæta á fundarstað og voru nokkrir hluthafar sem nýttu sér þann kost. Öll atkvæðagreiðsla fór fram á rafrænan hátt með Lumi AGM veflausninni.<sup>91</sup>

Á fundinum var lögð fram tillaga um breytingu á samþykktum félagsins til að heimila bæði rafræna hluthafafundi að hluta til og að öllu leyti. Tillagan var samþykkt með öllum atkvæðum hluthafa. Þetta gerir það að verkum að stjórn Sjóvár getur bæði ákveðið að halda rafrænan hluthafafund að öllu leyti og að hluta til. Aðalfundurinn gekk vel og án vandkvæða og atkvæðagreiðslan sömuleiðis.

Á rafrænum hluthafafundi að hluta til, eiga hluthafar að geta greitt atkvæði án þess að vera á staðnum, sbr. 1. mgr. 80. gr. a. hfl. Miðað við framangreinda framkvæmd Sjóvár er ljóst að þótt einhverjir hluthafar mæti á fundarstað, þ.e. með hefðbundnum hætti, getur öll atkvæðagreiðsla farið fram rafrænt.

Til að útskýra enn fremur kosti og framkvæmd rafrænna hluthafafundi að hluta til, má nefna eftirfarandi skáldað dæmi. Í hlutafélaginu A eru 50 hluthafar og búa þeir allir á Íslandi. Félagið er rótgróið fyrirtæki í íslensku efnahagslífi og hefur stór hluti hluthafa átt sína hluti í yfir 30 ár. Fyrir heimsfaraldur af völdum COVID-19 veirunnar hafði félagið alltaf haldið hluthafafundi með hefðbundnum hætti. Þetta var m.a. gert þar sem þetta hafði alltaf verið svona og var því

---

<sup>89</sup>Hlutir í einkahlutafélagi eru almennt ekki framseljanlegir, og er því ekki hægt að taka hluti í einkahlutafélagi til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, þar sem skilyrði skráningar er að hlutir séu framseljanlegir. Þannig getur einkahlutafélag ekki verið *skráð félag*.

<sup>90</sup>Klaus Sogaard, Louise Celia Korpela og Lykke Smits, Gorrissen Federspiel Advokatpartnerselskab, „Covid-19 og generalforsamlingen“ (2020) NTS 189, 194.

<sup>91</sup>Sjá nánar „Aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf. 12. mars 2021“ (Sjóvá-Almennar tryggingar hf., 18. febrúar 2021) <https://www.sjova.is/media/6873/adalfundur-fundarbod-2021.pdf> skoðað 10. mars 2021.

óþarfi að breyta einhverju ef það virkaði. Nú hefur heimsfaraldurinn gert það að verkum að stjórnvöld hafa samþykkt reglugerð sem kveður á um 20 manna samkomubann til að koma í veg fyrir útbreiðslu veirunnar. Reikningsár félagsins er almannaksárið og lýkur því 31. desember. Samkvæmt 84. gr. hfl. þarf félagið að halda aðalfund fyrir lok ágúst, til að virða lögbundna fresti. Í samþykktum félagsins er kveðið á um að aðalfundur skal haldinn fyrir lok júní ár hvert. Reglugerðin tók gildi í maí og er félagið því í vandræðum hvað gera skuli, til að virða þessa fresti. Félagsstjórn ákvað að nýta sér heimildina í 1. mgr. 80. gr. a. hfl. og halda rafrænan aðalfund að hluta til. Með þessu getur félagsstjórn, fundarstjóri og endurskoðandi mætt á fundarstað og sótt fundinn með hefðbundnum hætti. Í stjórn félagsins sitja þrjú aðilar og gætu þá jafnframt allt að 15 hluthafar sótt fundinn í persónu, t.d. þeir hluthafar sem eru óöryggir með þessa breytingu eða hafa ekki næga tæknikunnáttu. Aðrir hluthafar, en þeir sem mæta með hefðbundnum hætti, geta þá tekið þátt og nýtt sínar stjórnunarlegu heimildir með notkun rafrænna miðla. Með þessu hefur vandamálið verið leyst og hægt er að halda aðalfund félagsins í samræmi við lögbundna fresti.

Að halda rafrænan hluthafafund að hluta til getur verið góð leið til að auka þátttöku hluthafa. Með þessu geta hluthafar, sem vilja og geta, mætt á fundarstað með hefðbundnum hætti, en hinir tekið þátt með notkun rafrænna miðla. Ekki er verið að mismuna hluthöfum á neinn hátt, heldur stendur öllum hluthöfum til boða að sækja hluthafafund, með þeim hætti sem þeir kjósa sjálfir. Enn fremur má telja að þetta gæti aukið þátttöku hluthafa í hluthafafundi.

### **4.3. Rafrænn hluthafafundur að öllu leyti**

Kveðið er á um rafræna hluthafafundi að öllu leyti í 2. mgr. 80. gr. a. hfl. Með rafrænum hluthafafundi að öllu leyti, er átt við að hluthafafundur fari ekki fram á einum tilteknum stað og ekki er mögulegt að taka þátt í fundinum í eigin persónu með hefðbundnum hætti, heldur eingöngu með rafrænum hætti og með tengingu fyrir alla hluthafa sem taka þátt í fundinum. Einnig fer öll atkvæðagreiðsla fram með rafrænum hætti.<sup>92</sup>

Hluthafafundur er einn bær um að ákveða hvort hluthafafundur verði rafrænn að öllu leyti. Sú ákvörðun skal taka upp í samþykktir félagsins sbr. 93. gr. hfl. Í ákvörðuninni skal koma fram, hvernig eigi að nota rafræna miðla í tengslum við þátttöku hluthafa í fundinum. Með þessu er ætlunin að gefa félögum tækifæri á að útfæra þessa heimild í samræmi við þarfir sínar, en þær geta verið mjög ólíkar, t.d. eftir stærð félaga og fjölda hluthafa. Þetta veitir jafnframt svigrúm fyrir tæknilegar framfarir.<sup>93</sup>

---

<sup>92</sup> Alþt. 2005-06, A-deild, þskj. 666-444. mál.

<sup>93</sup> Sama heimild.



Í 93. gr. er kveðið á um að það þurfi samþykki 2/3 hluthafa á hluthafafundi til að breyta samþykktum. Ef um er að ræða ákvörðun hluthafafundar, að taka upp ákvæði í samþykktir, þess efnis að heimila rafræna hluthafafundi að öllu leyti, þá geta hluthafar sem ráða yfir minnst ¼ hlutafjár komið í veg fyrir þá ákvörðun, með því að greiða atkvæði gegn henni. Þessi regla um minnihlutavernd, getur reynst mikilvæg, þar sem rafrænn hluthafafundur getur verið íþyngjandi fyrir einstaka hluthafa.<sup>94</sup>

Vert er að nefna undanþágu frá 80. gr. a. sem kemur fram í 4. mgr. 87. gr. hfl. Í henni segir að ef ráðherra annast boðun hluthafafundar skv. 2. mgr. 87. gr. hfl., getur ráðherra ákveðið að fundur skuli vera haldinn með hefðbundnum hætti, þrátt fyrir ákvæði 80. gr. a. Hér er verið að veita ráðherra undanþágu frá því að halda rafrænan hluthafafund samkvæmt félagssamþykktum, ef ráðherra kann að þurfa að láta lögmann halda hluthafafund, ef engin starfandi stjórn er í félagi.<sup>95</sup>

Aðalfundur Marel hf. var haldinn 17. mars 2021 og var sá fundur rafrænn að öllu leyti. Fyrir hluthafa sem eiga hlutabréf skráð á Nasdaq á Íslandi, fór öll atkvæðagreiðsla og þátttaka fram með rafræna miðlinum Lumi AGM. Hluthöfum Marels var jafnframt heimilt að kjósa með rafrænum hætti fyrir aðalfundinn og fór það í gegnum vefgátt Lumi AGM. Veittir voru 5 dagar til þess að nýta sér þá heimild og gátu hluthafar einnig breytt atkvæði sínu fram að þeim tíma.<sup>96</sup>

Fyrir hluthafa sem eiga hlutabréf í Marel, sem skráð eru í Euronext kauphöllinni í Amsterdam, fór rafræn kosning í gegnum vefgátt ABN AMRO, umboðsaðila Marel. Því var háttað þannig að þeir hluthafar þurftu að láta vörsluaðila hlutabréfa sinna vita, hvernig þeir vildu kjósa og vörsluaðilarnir skiluðu atkvæðunum í gegnum þessa vefgátt.<sup>97</sup>

Á aðalfundi Marel hf. árið 2020, sem haldinn var að hluta til rafrænn, samþykkti hluthafafundur nýtt ákvæði í samþykktir félagsins, þess efnis að heimila stjórn, að ákveða hvort hluthafafundur verði haldinn að öllu leyti rafrænn.<sup>98</sup> Þar af leiðandi var stjórninni heimilt að ákveða að aðalfundur félagsins skyldi vera haldinn að öllu leyti rafrænn árið 2021.

---

<sup>94</sup> Sbr. 1. mgr. 93. gr. hfl.; Sjá einnig Alpt. 2005-06, A-deild, þskj. 666-444. mál.

<sup>95</sup> Alpt. 2005-06, A-deild, 444.mál, samanburður á milli landa: nokkrar athugasemdir, erindi nr. 132/1379.

<sup>96</sup> „Rafrænn aðalfundur Marel 2021“ (Marel hf., 2021)

<https://www.globenewswire.com/news-release/2021/02/17/2177417/0/is/Rafr%C3%A6nn-a-%C3%B0alfundur-Marel-2021.html> skoðað 20. mars 2021.

<sup>97</sup> Sama heimild.

<sup>98</sup> „Rafræn þátttaka í aðalfundi 2020“ (Marel hf., 2020)

<https://marel.com/media/p4zndse5/rafraen-thatttaka-a-adalfundi-marel-2020.pdf> skoðað 20. mars 2021.

#### 4.4. Tæknibúnaður og öryggi

Í 3. mgr. 80. gr. a. hfl. er kveðið á um að félagsstjórn skuli ákveða, hvaða kröfur eru gerðar til tæknibúnaðar sem nota skal við rafræna hluthafafundi. Einnig kemur fram að í fundarboði hluthafafundar skuli koma fram upplýsingar um tæknibúnað, hvernig hluthafar geti tilkynnt þátttöku sína og hvar hægt sé að nálgast upplýsingar um framkvæmd rafrænnar þátttöku í hluthafafundi, t.d. á vefsíðu félagsins.

Þessar kröfur ákvæðisins eiga bæði við um hluthafafundi, sem eru að hluta til rafrænir og hluthafafundi, sem eru að öllu leyti rafrænir. Gert er ráð fyrir því að rafrænir miðlar geti verið símar, netið eða aðrir miðlar með svipað notagildi, en ekki er kveðið á um það í lögunum hvaða miðla megi nota eða á hvaða hátt þeir verði notaðir. Þetta er m.a. gert með tilliti til órrar þróunar í fjarskiptatækni og að eðlilegt þyki að veita hluthöfum nokkuð svigrúm, þar sem þarfir einstaka hluthafa og félaga eru mismunandi. Þar af leiðandi er það á valdi hvers félags fyrir sig að ákveða hvaða kröfur eru gerðar til tæknibúnaðar.<sup>99</sup>

Tekið er fram í 4. mgr. 80. gr. a. hfl., að skilyrði þess að haldinn verði rafrænn hluthafafundur, er að félagsstjórn sjái til þess að fundurinn geti farið fram á öruggan hátt. Skulu þau tæki, sem notuð eru, vera þannig gerð að tryggt sé að uppfyllt séu lagaskilyrði, sem gerð eru til hluthafafundar, þ.m.t. réttur hluthafa til að sækja hluthafafund, taka þar til máls og greiða atkvæði. Tæknibúnaður skal jafnframt gera það kleift að staðfesta með öruggum hætti hvaða hluthafar sækja fundinn, hvaða atkvæðisrétt þeir hafa og niðurstöðu atkvæðagreiðslna. Ákvæðið á bæði við um þá hluthafafundi sem eru að hluta til rafrænir og þá sem eru að öllu leyti rafrænir.<sup>100</sup>

Miðað við framkvæmdina á Íslandi og í Danmörku virðist fyrirtækið Lumi AGM vera ráðandi á markaði í vali á tæknibúnaði til framkvæmdar rafrænna hluthafafunda. Lumi býður bæði uppá snjallforrit og veflausn, þ.e. hægt er að taka þátt með snjallsíma, ípad eða tölvu.<sup>101</sup>

Aðalfundur Kviku banka hf. var haldinn 21. apríl 2021 og var að hluta til rafrænn. Boðið var uppá fullgilda rafræna þátttöku í gegnum fundarkerfið Lumi AGM. Hluthafar gátu fylgst með fundinum í gegnum vefstreymi, kosið rafrænt og borið upp skriflegar spurningar í gegnum fundarkerfið.<sup>102</sup> Þetta er dæmi um framkvæmd þar sem réttindi hluthafa eru tryggð í samræmi við skilyrði 4. mgr. 80. gr. a. hfl., þ.e. rétt þeirra til að sækja hluthafafund, taka þar til máls og greiða atkvæði.

<sup>99</sup> Alþt. 2005-06, A-deild, þskj. 666-444. mál.

<sup>100</sup> Sama heimild.

<sup>101</sup> Sjá umfjöllun í 5. og 6. kafla um framkvæmd rafrænna hluthafafunda.

<sup>102</sup> „Fundarboð“ (Kvika Banki hf., 2021) <https://www.kvika.is/asset/4246/fundarbod-a-adalfund-kviku-banka-hf.-2021.pdf> skoðað 21. mars 2021.

Ljóst er að gerðar eru jafn strangar kröfur til rafræns hluthafafundar og til hefðbundins hluthafafundar þegar það kemur að réttindum hluthafa. Til viðbótar eru önnur atriði, sem ber að gæta að við framkvæmd rafrænna hluthafafunda, t.a.m. þarf að tryggja að tæknibúnaður geti borið kennsl á hvern þátttakanda á hluthafafundinum, t.d. með notkun aðgangsorða eða annarra sambærilegra aðferða.<sup>103</sup> Sams konar þarf þó oft einnig að gera á hefðbundnum hluthafafundum, t.d. getur það verið skilyrði að hluthafar þurfi að skrá sig inn fyrir fund.

Hlutverk fundarstjóra er að sjá til þess að hluthafafundur fari fram í samræmi við ákvæði hlutfélagalaga og samþykktir félags, eins og áður var vikið að í kafla 3.5. Þegar um rafrænan hluthafafund er að ræða, er jafnframt hlutverk fundarstjóra að sjá til þess að tæknibúnaður, sem notaður er við framkvæmdina standist þær kröfur sem hafa verið gerðar til hans.<sup>104</sup>

Með rafrænum hluthafafundum breytist einnig verkefni fundarstjóra að nokkru leyti, en hann kann að þurfa að taka afstöðu til atriða sem ekki reynir á við hefðbundna hluthafafundi. Sem dæmi má nefna tæknileg vandamál, t.d. ef hluthafi missir samband við fundinn, þá getur reynt á gildi ákvarðana sem teknar eru á hluthafafundinum, en taka skal fram að lögin innihalda ekki reglur um hvað skal gera í þeim aðstæðum. Við slíkar aðstæður, þar sem hluthafi eða hluthafar missa samband skal fundarstjóri m.a. hafa til hliðsjónar hvaða þýðingu slíkt kann að hafa fyrir meðferð einstakra dagskráratriða og atkvæðagreiðslur. Ef fundarstjóri þarf að taka afstöðu til gildis ákvarðana ber honum að hafa til hliðsjónar hvort rekja megi tæknileg vandamál til hluthafans/hluthafanna eða félagsins. Einnig ber honum að líta til þess hvort atkvæði þeirra sem ekki gátu greitt atkvæði hefðu getað haft úrslitaáhrif á niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar.<sup>105</sup>

Af þessu er ljóst að mikilvægt er að fundarstjóri hafi ákveðna þekkingu á þeim tæknilegu lausnum sem notaðar eru við framkvæmd fundar. Þetta er nauðsynlegt svo hann geti úrskurðað um lögmæti fundar og leyst úr þeim vandamálum sem upp geta komið á fundinum.

Samkvæmt 5. mgr. 80. gr. a. hfl. getur hluthafafundur ákveðið að hluthafar, sem taka þátt í rafrænum hluthafafundi, skuli leggja fram spurningar um dagskrá eða framlögð skjöl o.fl., sem tengjast hluthafafundinum, innan ákveðins frests, sem ákveðinn skal í samþykktum. Sú ákvörðun skal vera tekin upp í samþykktir félagsins, sbr. 93. gr. hfl. Markmiðið með þessu ákvæði er að tryggja að rafrænn hluthafafundur geti farið fram innan eðlilegs tímaramma. Reglan á aðeins við um þá sem taka þátt með rafrænum hætti og getur þannig átt við um alla

---

<sup>103</sup> Alpt. 2005-06, A-deild, þskj. 666-444. mál.

<sup>104</sup> Sama heimild.

<sup>105</sup> Paul Krüger Andersen, *Aktie- og anpartsselskabsret* (Jurist- og Økonomforbundets Forlag 2004) 392; Sjá einnig: Alpt. 2005-06, A-deild, þskj. 666-444.mál.

þátttakendur, ef um er að ræða rafrænan hluthafafund að öllu leyti, en bara þá sem tengjast fundinum með notkun rafrænna miðla, ef hluthafafundur er að hluta til rafrænn.<sup>106</sup>

Samkvæmt 153. gr. hfl. er refsivert að afhenda eða nota aðgangsorð eða annað sambærilegt, án heimildar, til þess að vera viðstaddur eða taka þátt í rafrænum hluthafafundi, þ.m.t. greiða atkvæði. Brot á þessu ákvæði getur varðað sekt eða fangelsi allt að tveimur árum.<sup>107</sup> Einungis hluthafar sjálfir eða þeir sem hafa heimild fyrir þeirra hönd, t.d. umboðsmenn, er heimilt að nota aðgangsorð hluthafans. Öll önnur notkun en þessi er talin óheimil. Með notkun í þessum skilningi er bæði átt við ef menn fylgjast með hluthafafundinum og ef þeir taka þátt í honum.<sup>108</sup>

#### 4.5. Góðir stjórnarhættir

Á síðustu árum hefur mikil umræða átt sér stað um hvað séu góðir stjórnarhættir í félögum.<sup>109</sup> Með stjórnarháttum fyrirtækja er almennt átt við þær reglur sem gilda um stjórnun og eftirlit fyrirtækisins, m.a. tengsl stjórnarmanna og hluthafa. Í skýrslu viðskiptaráðherra var hugtakið *stjórnarhættir fyrirtækja* skilgreint með eftirfarandi hætti:

Það kerfi eða sú aðferð sem fyrirtæki er stýrt og stjórnað eftir, sem og þær grundvallarreglur og sjónarmið sem gilda um hlutverk og ábyrgð mismunandi stjórnunareininga fyrirtækisins gagnvart hver annarri og þeim aðilum sem hagsmuna hafa að gæta að rekstri þess.<sup>110</sup>

Við mótnun á gerð reglna á sviði félagaréttar, til að efla stjórnarhætti á vettvangi Evrópusambandsins, hefur verið sérstaklega byggt á því viðhorfi að almenn vernd réttinda hluthafa og þátttaka þeirra, sé forsenda góðra stjórnarháttanna.<sup>111</sup>

Þann 21. maí árið 2003 gaf Framkvæmdastjórn út aðgerðaráætlun, þar sem gert var grein fyrir stefnu Evrópusambandsins á sviði félagaréttar og stjórnarhætti félaga. Í henni kom m.a. fram niðurstöður skýrslu sérfræðinefndar á vegum ESB, en henni hafði verið falið árið 2001, að útbúa sjálfstætt álit um nútímavæðingu laga á sviði félagaréttar. Ein af ástæðum þessa framtaksverkefnis á sviði félagaréttar var að hámarka kostina sem nútímataekni felur í sér, þar sem ör tækniþróun á sviði upplýsinga- og samskiptatækni getur haft gríðarleg áhrif á félög og

<sup>106</sup> Alpt. 2005-06, A-deild, þskj. 666-444. mál.

<sup>107</sup> Sbr. 3. tölulið 1. mgr. 153. gr.

<sup>108</sup> Alpt. 2005-06, A-deild, þskj. 666-444. mál, athugasemdir við 12. gr.

<sup>109</sup> Á ensku: *corporate governance*. Hefur einnig verið þýtt sem stjórnarhættir fyrirtækja, stjórnunarhættir fyrirtækja og stjórnskipan fyrirtækja.

<sup>110</sup> Viðskiptaráðherra, „Skýrsla viðskiptaráðherra um stjórnunarhætti fyrirtækja“ (Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið 2004)

<sup>111</sup> Sjá nánar í Commission of the European Communities, „Modernising Company Law and Enhancing Corporate Governance in the European Union - A Plan to Move Forward“ (Communication) COM (2003) 284 final, 8-14; Sjá einnig Áslaug Björgvinsdóttir, „Málfrælsi hluthafa á hluthafafundum“ (2007) 60 Útljótur 175, 177-178.

starfsemi þeirra, t.d. rafrænir hluthafafundir og atkvæðisréttur yfir landamæri.<sup>112</sup> Í kafla 3.1.2. skýrslunnar er kveðið á um að styrkja eigi réttindi hluthafa. Þar er jafnframt lögð áhersla á réttindi hluthafa í skráðum félögum til að greiða atkvæði, án þess að vera á staðnum og þátttöku þeirra í hluthafafundum með notkun rafrænna miðla.<sup>113</sup>

Sérfræðiskýrsla Evrópusambandsins, hefur sett mark sitt á umræðuna um stjórnarhætti fyrirtækja og var jafnframt vísað í hana í athugasemdum við frumvarp danska ákvæðisins, sem 80. gr. a. hfl. byggist á.<sup>114</sup>

Fyrstu leiðbeiningarnar á Íslandi um stjórnarhætti fyrirtækja voru gefnar út árið 2004, en hafa verið endurskoðaðar þó nokkrum sinnum síðan þá og var sjötta útgáfan gefin út árið 2021. Rétt er að nefna að þessum leiðbeiningum er sérstaklega beint að félögum með hluti sína skráð á skipulegum verðbréfamarkaði, en gagnast þó öllum fyrirtækjum, óháð stærð og starfsemi. Í leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja á Íslandi er m.a. fjallað um hluthafa og hluthafafundi og kemur eftirfarandi fram í reglu 1.1.1:

Þegar stjórn skipuleggur aðalfund félagsins skal hún stuðla að því að hluthafar geti beitt ákvörðunarvaldi sínu og komið sjónarmiðum sínum á framfæri. Skal hluthöfum m.a. gert kleift að taka þátt í hluthafafundi rafrænt, að hluta til eða að fullu, þ.m.t. greiða atkvæði án þess að vera á staðnum.<sup>115</sup>

Má telja að skýr tengsl séu á milli stjórnarháttar fyrirtækja og rafrænna hluthafafunda. Lykillinn að góðum stjórnarháttum í hlutafélagi er m.a. að styrkja réttindi hluthafa og auka þátttöku þeirra. Þegar breytingar voru gerðar á lögum um hlutafélög árið 2006 með lögum nr. 89/2006, var aðgengi hluthafa að hluthafafundum bætt með 80. gr. a. hfl. Þessi breyting getur stuðlað að aukinni þátttöku hluthafa og nýtingu á öðrum réttindum þeirra, t.d. atkvæðisrétti.

## 5. Framkvæmd rafrænna hluthafafunda á Íslandi

### 5.1. Fordæmalausir tímar

Þann 11. mars 2020 lýsti alþjóðastofnun WHO því yfir að faraldur af völdum COVID-19 veirunnar flokkaðist nú sem *heimsfaraldur*.<sup>116</sup> Stjórnvöld á Íslandi hafa þurft að setja ýmsar reglur um sóttvarnaraðgerðir til að takmarka útbreiðslu veirunnar, m.a. fjöldatakmarkanir, samkomubönn, sóttkví og einangrun. Mikið er vísað í „fordæmalausa tíma“ til að lýsa þessum

<sup>112</sup> Commission of the European Communities, „Modernising Company Law and Enhancing Corporate Governance in the European Union - A Plan to Move Forward“ (Communication) COM (2003) 284 final 7.

<sup>113</sup> Sama heimild 13.

<sup>114</sup> Sjá umfjöllun í kafla 6.1.

<sup>115</sup> Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq Iceland og Samtök atvinnulífsins, „Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja“ (Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq Iceland og Samtök atvinnulífsins 2021)

<sup>116</sup> „Timeline: WHO’s COVID-19 response“ (*WHO*, 11. mars 2020) <https://www.who.int> skoðað 20. mars 2021.

heimsfaraldri, en á slíkum tímum er fólk oft tilbúið að temja sér ný vinnubrögð og aðferðir með opnum huga, eins og málshátturinn gamli segir: neyðin kennir naktri konu að spinna.

Í umsögn Skattransóknarstjóra ríkisins, vegna frumvarps til breytingarlaga nr. 89/2006 var fjallað um athyglisverð nýmæli um rafrænar kosningar: „Mun þetta örugglega horfa til framfara þótt óneitanlega kunna það að verða sérstakir fundir þar sem allir eru í rafrænu sambandi.“<sup>117</sup> Síðan þá hefur tækniþróun verið ör og er notkun rafrænna lausna í daglegu lífi orðin æ algengari. Með heimsfaraldrinum hefur notkun tækninnar aukist enn frekar og hafa flestir tileinkað sér rafrænar lausnir með jákvæðum hætti. Sem dæmi má nefna að margir hafa notað fjarfundarbúnað við hin ýmsu störf og fundarhöld, kennslu, og jafnvel í samskiptum við fjölskyldu og vini. Í dag er því ljóst að ekkert óvenjulegt né sérstakt er við slíka fundi þar sem allir eru í rafrænu sambandi.

Heimsfaraldurinn hefur varpað ljósi á mikilvægi þess að félög séu undirbúin fyrir ófyrirsjáanlegar aðstæður sem þeir fá ekki ráðið við. Í þeim aðstæðum er nauðsynlegt að félög geti gripið til þeirra ráðstafana að halda rafræna hluthafafundi. Þetta getur m.a. verið mikilvægt til að virða lögbundna fresti og taka ákvarðanir sem geta eingöngu verið teknar á hluthafafundi.<sup>118</sup>

Samkvæmt 1. mgr. 84. gr. hfl. skuli félög halda aðalfund a.m.k. einu sinni á ari og innan átta mánuða frá lokum hvers reikningsárs. Í samþykktum félags getur einnig verið kveðið á um annan frest, t.d. fyrir lok júní hvers árs. Ef félag hefur almannaksárið sem reikningsárið sitt, þá þarf það að halda aðalfund fyrir lok ágúst. Þetta eru lögbundnir frestir sem félög þurfa að virða.

Eins og vikið hefur verið að í kafla 3.1., eru nokkur atriði sem ekki verða teknar ákvarðanir um nema á hluthafafundi. Sem dæmi er óheimilt að breyta samþykktum félagsins, nema með ákvörðun hluthafafundar, sbr. 93. gr. hfl. Auk þess eru atriði sem eingöngu hluthafafundur getur tekið ákvörðun um, t.d. staðfestingu ársreiknings, hvernig skuli fara með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu, kosning stjórnarmanna og kjör þeirra.<sup>119</sup>

## 5.2. Framkvæmd hérlendis

Í kaflanum hér á undan var fjallað um hvaða skilyrði þurfa að vera fyrir hendi svo unnt sé að nýta heimildir 80. gr. a. hfl. og halda rafrænan hluthafafund. Í þessum kafla verður framkvæmd

<sup>117</sup>Alþt. 2005-06, A-deild, 444.mál, umsögn skattransóknarstjóra ríkisins, erindi nr. Þ 32/1083.

<sup>118</sup>Michael Herskovich, „How different markets are handling shareholder meetings during the COVID-19 coronavirus health emergency“ (*ICGN*, mars 2020) <https://www.icgn.org/how-different-markets-are-handling-shareholder-meetings-during-covid-19-coronavirus-health-emergency> skoðað 2. Febrúar.

<sup>119</sup> Á aðalfundi er m.a. tekin ákvörðun um staðfestingu ársreiknings, hvernig skuli fara með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu, sbr. 84. gr. hfl.; Hluthafafundur kýs stjórn, sbr. 2.mgr. 63.gr. og aðalfundur ákveður kjör stjórnarmanna, sbr. 79. gr. hfl.

Íslenskra hlutafélaga skoðuð, til að reyna gera grein fyrir notkun á 80. gr. a. hfl. Öll félögin sem eru nefnd eru skráð félög og á þannig sérreglan við sem kemur fram í 2. mgr. 80. gr. a. hfl., sbr. fyrri umfjöllun í kafla 4.1.

Eins og áður kom fram, var aðalfundur Sjóvár, sem haldinn var 12. mars 2021, að hluta til rafrænn. Þetta var jafnframt frumraun Sjóvár í framkvæmd rafrænna hluthafafunda. Á fundinum var lögð fram tillaga um breytingu á samþykktum félagsins til að heimila bæði rafræna hluthafafundi að hluti til og að öllu leyti. Tillagan var samþykkt með öllum atkvæðum hluthafa. Þetta gerir það að verkum að stjórn Sjóvár getur hér eftir ákveðið að halda rafrænan hluthafafund að hluta til eða að öllu leyti.<sup>120</sup>

Til samanburðar má nefna aðalfund Sjóvár sem haldinn var 12. mars 2020, en sá fundur var haldinn með hefðbundnum hætti og var ekki boðið uppá rafræna atkvæðagreiðslu. Í ljósi samkomutakmarkana sem voru í gildi á þeim tíma, voru hluthafar hvattir til þess að veita umboð til sérstaks umboðsmanns.<sup>121</sup> Aðalfundur Sjóvár árið 2019 var með svipuðum hætti, fundurinn var haldinn með hefðbundnum hætti og ekki var boðið uppá rafræna atkvæðagreiðslu.<sup>122</sup>

Eins og vikið var að í kafla 4.3., var aðalfundur Marel 17. mars 2021, haldinn rafrænn að öllu leyti. Aðalfundur félagsins var hins vegar haldinn að hluta til rafrænn árið 2020. Þeir hluthafar, sem áttu hlutabréf skráð á Nasdaq á Íslandi, gátu greitt atkvæði rafrænt í gegnum svokallaða hluthafagátt, sem hægt var að nálgast í gegnum vefsíðu Marel. Til að skrá sig inn í hluthafagáttina, þurfti lykilorð og notandanafn, en þau voru send öllum hluthöfum sem áttu hlutabréf skráð á Nasdaq á Íslandi og voru með heimilsfang skráð í hlutaskrá Marel. Þeir hluthafar, sem áttu hlutabréf skráð í Euronext Amsterdam gátu greitt atkvæði rafrænt í gegnum vefgátt í umsjón ABN AMRO, líkt og á fundinum árið 2021.<sup>123</sup>

Á aðalfundi Marel árið 2020 samþykkti hluthafafundur nýtt ákvæði í samþykktir félagsins, þess efnis að heimila stjórn að ákveða hvort hluthafafundur verði haldinn að öllu leyti rafrænn. Þannig var stjórn félagsins heimilt að ákveða að hluthafafundur skyldi vera haldinn að öllu

---

<sup>120</sup> Sjá umfjöllun í kafla 4.2.

<sup>121</sup> „Aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf. 12. mars 2020“ (Sjóvá-Almennar tryggingar hf., 18. febrúar 2020) <https://www.sjova.is/media/6572/fundarbod-adalfundar-1232020.pdf> skoðað 10. mars 2021.

<sup>122</sup> „Aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf. 15. mars 2019“ (Sjóvá-Almennar tryggingar hf., 21. febrúar 2019) [https://www.sjova.is/media/6259/sj\\_adalfundur2018-4x30-ny-210219\\_02.pdf](https://www.sjova.is/media/6259/sj_adalfundur2018-4x30-ny-210219_02.pdf) skoðað 10. mars 2021.

<sup>123</sup> „Rafræn þátttaka í aðalfundi 2020“ (Marel hf., 2020) <https://marel.com/media/p4zndse5/rafraen-thatttaka-a-adalfundi-marel-2020.pdf> skoðað 20. mars 2021

leyti rafrænt árið 2021. Til samanburðar má nefna að aðalfundur Marel árið 2019 var haldinn með hefðbundnum hætti í höfuðstöðvum félagsins.<sup>124</sup>

Eins og áður kom fram, var aðalfundur Kviku banka haldinn að hluta til rafrænn 21. apríl 2021. Á fundinum var tillaga stjórnar lögð fram um að bæta við nýju ákvæði í samþykktir félagsins þess efnis að heimila rafræna hluthafafundi að öllu leyti, sbr. 2. mgr. 88. gr. a. hfl.<sup>125</sup> Til samanburðar má nefna aðalfund Kviku sem var haldinn 26. mars 2020. Á þeim hluthafafundi var ekki í boði að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Þess í stað gátu hluthafar sem óskuðu eftir því, greitt atkvæði um mál sem voru á dagskrá fundarins bréflaga.<sup>126</sup>

Með árunum 2020 og 2021 er ljóst að ákveðin þróun hefur átt sér stað. Vegna aðstæðna í heimsfaraldri, t.a.m. samkomutakmarkanir, eru hlutafélög að nýta sér heimildir 80. gr. a. hfl. og halda rafræna hluthafafundi. Af þeim þremur félögum sem eru nefnd hér að framan, hélt aðeins eitt þeirra rafrænan hluthafafund árið 2020, þ.e. Marel hf. Þetta er áhugavert þar sem samkomutakmarkanir af völdum heimsfaraldurins voru einnig í gildi á þeim tíma. Sjóvá hf. og Kvika banki hf. héldu sína hluthafafundi með hefðbundnum hætti, en hvöttu þó hluthafa til að nýta sér umboðsaðila í stað þess að mæta sjálfir. Á þeim aðalfundum voru ekki lagðar fram tillögur um breytingar á samþykktum félaganna að heimila rafræna hluthafafundi, líkt og var síðar gert árið 2021.

Líklega má telja að stjórn félaganna hafi ekki verið nægilega undirbúin fyrir þessar ófyrirsjáanlegu aðstæður. Aþjóðastofnun WHO lýsti yfir heimsfaraldri 11. mars 2020 og aðalfundur Sjóvár er haldinn daginn eftir, 12. mars og aðalfundur Kviku banka nokkru síðar, 26. mars. Í boðun hluthafafundar verður að koma fram upplýsingar um tæknibúnað, hvernig hluthafar geti tilkynnt þátttöku sína og hvar sé hægt að nálgast upplýsingar um framkvæmd rafræna þátttöku í hluthafafundi.<sup>127</sup> Dagskrá fundarins þarf einnig að liggja fyrir almennt tveimur vikum fyrir aðalfund, nema boðunarfrestur sé skemmri sbr. 4. mgr. 88. gr. hfl. Ljóst er að félögin hafi líklega ekki gert sér grein fyrir hvað var í vændum á þeim tíma sem boðun fundarins fór fram. Í framhaldi af yfirlýsingu WHO um heimsfarald, hefur verið of seint fyrir stjórn félaganna að bjóða til rafræns hluthafafundar að hluta til og að leggja fram tillögu um breytingu á samþykktum til að heimila eingöngu rafræna hluthafafundi fyrir framtíðar fundi.

---

<sup>124</sup> „Aðalfundur Marel hf. 2019“ (Marel hf., 2019) [https://www.marel.com/media/01ophfmr/adalfundur-2019\\_auglysing\\_v3.pdf](https://www.marel.com/media/01ophfmr/adalfundur-2019_auglysing_v3.pdf) skoðað 20. mars 2021.

<sup>125</sup> „Fundarboð“ (Kvika Banki hf., 2021) <https://www.kvika.is/asset/4246/fundarbod-a-adalfund-kviku-banka-hf.-2021.pdf> skoðað 21. mars 2021.

<sup>126</sup> „Fundarboð“ (Kvika Banki hf., 2020) [https://www.kvika.is/asset/2782/kvika-banki-hf.\\_fundarbod-a-adalfund-2020.pdf](https://www.kvika.is/asset/2782/kvika-banki-hf._fundarbod-a-adalfund-2020.pdf) skoðað 21. mars 2021.

<sup>127</sup> Sbr. 2. mgr. 80. gr. a. hfl.



Árið 2021 buðu öll þrjú félögin uppá fullgilda rafræna þátttöku í aðalfundi, en Marel þó eina félagið sem hélt rafrænan hluthafafund *að öllu leyti*. Sjóvá og Kvika lögðu einnig fram tillögur um breytingu á félagssamþykktum þess efnis að heimila rafræna hluthafafundi að öllu leyti, sem Marel hafði gert árinu á undan.

## 6. Rafrænir hluthafafundir í Danmörku

### 6.1. Regluverk í Danmörku

Eins og áður hefur verið vikið að voru fyrstu hlutafélagalögin okkar íslendinga nr. 77/1921 að mestu leyti sniðin eftir dönskum hlutafélagalögum frá 1917. Löggjöf okkar á sviði félagaréttar er enn í dag að miklu leyti sniðin eftir danskri löggjöf.<sup>128</sup> Eins og vikið var að í 4. kafla, er 80. gr. a. hfl. einnig byggð á dönskum lögum.

Flest aðildarríki ESB skipta félögum í tvo flokka og fer sú skipting oft eftir því hvort hlutir félagsins geta verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.<sup>129</sup> Í Danmörku<sup>130</sup> er hlutafélagum skipt í tvo flokka, annars vegar aktieselskaber (A/S) og hins vegar anpartsselskaber (ApS). Helsti munurinn á þessum félögum er sá að A/S eru hlutafélög en ApS eru einkahlutafélög og geta þ.a.l. hlutir í ApS ekki verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða markaðstorgi fjármálagerninga. Nýrri tilskipanir ESB gera sjaldan greinarmun á A/S og ApS og var þess vegna ákveðið árið 2009 að sameina lög um hlutafélög og einkahlutafélög. Dönsku hlutafélagalögin taka þannig til bæði svonefndra aktieselskaber og andpartsselskaber.<sup>131</sup>

Með lagabreytingu árið 2003 opnaðist sá möguleiki fyrir félög í Danmörku að halda rafræna hluthafafundi. Heimildin endurspeglar breytingar á viðhorfi um stjórnarhætti fyrirtækja um virkt eignarhald<sup>132</sup> og þann stigvaxandi áhuga stórra fjárfesta<sup>133</sup> að geta nýtt atkvæðisrétt sinn með rafrænum hætti.<sup>134</sup> Einnig var talið að notkun á nútíma tækni gæti leyst að hluta til þann vanda, sem fólst í því hversu dreifðir hluthafar voru alþjóðlega, en stór hluti hluthafa danskra skráðra félaga eru erlendir fjárfestar. Með lagabreytingunni var jafnframt

<sup>128</sup> Páll Skúlason, „Hlutafélög á Íslandi og Hlutafélagalög“ (Tímarit lögfræðinga, 1993) 27.

<sup>129</sup> Paul Krüger Andersen, „The European Model Company Act (EMCA)—a tool for European integration“ ERA Forum 19, 77–85 (2018) <https://doi.org/10.1007/s12027-018-0521-8> skoðað 30. mars 2021.

<sup>130</sup> Danmörk gerðist aðili að ESB árið 1973.

<sup>131</sup> Jesper Lau Hansen, *Introduktion til selskabsretten og kapitalmarkedsretten* (Jurist- og Økonomforbundets Forlag) 211-212.

<sup>132</sup> Á dönsku: *aktivt ejerskab*; Þegar félög fá virkt eignarhald frá hluthöfum sínum, þ.e. fjárfestum, þá stuðlar það að verðmætasköpun fyrir félagið; Sjá nánar skýrslu „Debatoplæg om aktivt ejerskab“ (1999).

<sup>133</sup> Á dönsku: *Institutionelle investors*. Á ensku: Institutional investors. Stórir fjárfestar eru oft lífeyrissjóðir, váttryggingafélög og aðrir sjóðir.

<sup>134</sup> Paul Krüger Andersen, *Aktie- og anpartsselskabsret* (Jurist- og Økonomforbundets Forlag 2004) 386; *High Level Group*.

verið að stuðla að *cross border voting*, en eins og nafnið gefur til kynna er átt við að greiða atkvæði yfir landamæri og er mikilvægt fyrir alþjóðlegar fjárfestingar.<sup>135</sup>

Árið 2001 skipaði viðskiptaráðherra Danmerkur nefnd til að ráðast í vinnu við hvernig bæta mætti stjórnarhætti fyrirtækja í Danmörku. Í skýrslu nefndarinnar, sem jafnan er kölluð Nørby-nefndin eftir formanni hennar, komu fram tillögur sem áttu fyrst og fremst að ná til skráðra félaga, en var þó vonast til að tillögurnar myndu einnig ná til annarra félaga. Í kjölfarið ákváð Kauphöllin í Kaupmannahöfn að ráðleggja skráðum félögum að fara eftir viðmiðum nefndarinnar. Í I. kafla skýrslunnar er lagt til að hluthöfum sé auðveldað að nota réttindi sín og að nútíma tækni verði nýtt til að bæta samskipti milli hluthafa og stjórn félags. Markmið skýrslunnar var m.a. að bæta aðgengi danskra fyrirtækja að fjármagni erlendra fjárfesta og hvetja stjórn félaga til að takast á við ýmsar áskoranir vegna alþjóðavæðingar.<sup>136</sup>

Lagabreytingin árið 2003 var í samræmi við skýrslu Nørby-nefndarinnar og fyrrnefnda aðgerðaráætlun sérfræðinefndar ESB um nútímavæðingu félagaréttar í Evrópu.<sup>137</sup>

Í núgildandi dönsku hlutafélagalögunum er fjallað um rafræna hluthafafundi í 77. gr. laganna og er um að ræða nánast samhljóða ákvæði og 80. gr. a. hfl. Í 1. mgr. 77. gr. kemur fram heimild fyrir stjórn félagsins að ákveða að fundur skuli vera haldinn að hluta til rafrænn, ef ekki er kveðið á um annað í samþykktum félagsins. Í 2. mgr. 77. gr. kemur fram að hluthafafundur getur ákveðið að hluthafafundur verði rafrænn að öllu leyti og ber þá að taka ákvörðunina upp í samþykktir félagsins. Í ákvörðuninni skal koma fram hvers konar tækni verði notuð við framkvæmdina. Í 3. mgr. 77. gr. er kveðið á um að stjórn félagsins skuli ákveða hvaða kröfur eru gerðar til tæknibúnaðar, sem nota skal við rafræna hluthafafundi. Einnig kemur fram að í fundarboði skuli koma fram upplýsingar um tæknibúnað, hvernig hluthafar geti tilkynnt um þátttöku sína og hvar sé hægt að nálgast upplýsingar um rafræna þátttöku í hluthafafundi. Í 4. mgr. 77. gr. er kveðið á um sömu skilyrði og gert er í 80. gr. a. hfl., þ.e. að skilyrði þess að haldinn verði rafrænn hluthafafundur er að félagsstjórn sjái til þess að fundurinn geti farið fram á öruggan hátt og skulu þau tæki sem notuð eru, vera þannig gerð að tryggt sé að uppfyllt séu lagaskilyrði sem gerð eru til hluthafafundar, þ.m.t. réttur hluthafa til að sækja hluthafafund, taka þar til máls og greiða atkvæði. Tæknibúnaðurinn skal jafnframt gera það kleift að hægt sé að staðfesta með öruggum hætti hvaða hluthafar sækja fundinn, hvaða atkvæðisrétt þeir hafa og niðurstöðu atkvæðagreiðslna.

---

<sup>135</sup> Paul Krüger Andersen, *Aktie- og anpartsselskabsret* (Jurist- og Økonomforbundets Forlag 2004) 385.

<sup>136</sup> Nørby udvalget, „Nørby-udvalgets rapport om Corporate Governance i Danmark“ (Erhvervs- og Selskabsstyrelsen 2001) 17-18.

<sup>137</sup> Paul Krüger Andersen, *Aktie- og anpartsselskabsret* (Jurist- og Økonomforbundets Forlag 2004) 387.

Sérreglan um félög sem eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði, sbr. umfjöllun í kafla 4.2., kemur fram í 5. mgr. 80. gr. dönsku hlutafélagalaganna.

Talið er að margir kostir geti fylgt rafrænum hluthafafundum, sem geta verið til hagsbóta fyrir bæði hluthafa og félögin. Til að mynda getur framkvæmdin boðið uppá mikinn tímasparnað og sveigjanleika fyrir alla. Jafnframt getur alls kyns kostnaður sparast við fundarhald og ferðakostnað.<sup>138</sup>

Í dönskum hlutafélagalögum er að finna reglu um minnihlutavernd sem kveður á um að ef hluthafar sem ráða yfir meira en 10% hlutafjár félagsins, krefjast þess, verður hluthafafundur haldinn með hefðbundnum hætti.<sup>139</sup> Samhljóða ákvæði er ekki að finna í íslensku lögunum, en þar er þó kveðið á um að skilyrði fyrir breytingu á samþykktum til að heimila rafræna hluthafafundi að öllu leyti, er að hluthafar sem ráða yfir ¼ hlutafjárins, greiði ekki atkvæði gegn ákvörðuninni.<sup>140</sup>

Samkvæmt bæði íslensku og dönsku lögunum þarf meirihluti hluthafa á hluthafafundi, þ.e. 2/3, til að taka ákvörðun um að heimila rafrænan hluthafafund að öllu leyti. Var áður til umræðu hvort ætti að gera strangari kröfur til atkvæðamagns, og hækka hlutfallstöluna í 9/10 atkvæða. Rökin fyrir þessu voru að ákvörðun um að halda rafrænan hluthafafund að öllu leyti, getur verið íþyngjandi fyrir hluthafa og haft ákveðnar afleiðingar, t.d. fyrir þá sem ekki búa yfir þeirri þekkingu eða búnaði sem rafrænir fundir krefjast. Árið 2006 var danskri nefnd falin endurskoðun á danskri félagaréttarlöggjöf og komst hún að þeirri niðurstöðu að ekki væri tilefni til að herða reglurnar, m.a. með vísan til örrar tækniþróunar og útbreiðslu tæknibúnaðar á sviðinu.<sup>141</sup> Í dag er ljóst að niðurstaða nefndarinnar hefur við enn sterkari rök að styðjast, þar sem tækniþróun hefur einungis aukist síðan þá og jafnframt þekking og notkun á tækninni.

## 6.2. Bráðabirgðaheimildir í heimsfaraldi

Dönsk stjórnvöld, eins og flest önnur ríki, hafa þurft að grípa til ýmissa sóttvarnaraðgerða til að hindra útbreiðslu COVID-19 veirunnar og sem dæmi var tímabundin regla í gildi í Danmörku, sem kvað á um fimm manna takmörkun á samkomum og þ.a.l. ógerlegt að halda fjölmenna fundi.<sup>142</sup>

---

<sup>138</sup> Bemærkningerne til forslaget til lov om ændring af lov om aktieselskaber og lov om anpartsselskaber (20. marts 2003).

<sup>139</sup> Sbr. 3. mgr. 76. gr. danskra hlutafélagalaga.

<sup>140</sup> Sbr. 1. mgr. 93. gr. hfl.

<sup>141</sup> Udvalget til Modernisering af Selskabsretten, „Modernisering af selskabsretten“ Betænkning nr. 1498 (Erhvervs- og Selskabsstyrelsen 2008); Lagastofnun Háskóla Íslands, „Skýrsla lagastofnunar um minnihlutavernd í hlutafélagum og einkahlutafélagum“ (2009) Efnahags- og viðskiptaráðuneytið.

<sup>142</sup> „Skærpet forsamlingsforbud og øvrige tiltag for at imødegå cluster B.1.1.7“ (Sundhedsministeriet, 5. janúar 2021) <https://sum.dk/nyheder/2021/januar/0501-skaerpet-forsamlingsforbud-og-oevrige-tiltag-for-at-imoedegaa-cluster-b117> skoðað 15. apríl.

Í byrjun árs 2020, þegar heimsfaraldurinn skall á, var um að ræða háannartíma fyrir aðalfundi félaga. Vegna samkomubanna og fjöldatakmarkana var mörgum félögum ókleift að halda aðalfundi sína með hefðbundnum hætti. Þann 11. mars settu stjórnvöld reglu sem kvað á um 100 manna samkomubann og þann 17. mars voru reglur hertar í 10 manna samkomubann. Aðeins tvö C25 félög,<sup>143</sup> Pandora og GN Store North, náðu að halda sína aðalfundi fyrir gildingu sóttvarnaraðgerða. Báðir aðalfundir voru haldnir 11. mars og í boðun fundarins voru hluthafar hvattir til að mæta ekki á fundarstað.<sup>144</sup>

Í Danmörku, líkt og á Íslandi, þarf að staðfesta ársreikning félagsins á aðalfundi. Samkvæmt lögum um ársreikninga í Danmörku, þarf að skila inn staðfestum ársreikningi til stofnunar á sviði viðskiptamála, innan fjögurra mánuða frá lok reikningsárs.<sup>145</sup> Þetta þýðir að þau félög sem hafa almanaksárið sem reikningsár, þurfa að skila inn staðfestum ársreikningi fyrir lok apríl.<sup>146</sup> Vegna þessa frests voru mörg félög í vandræðum. Á þessum tíma höfðu engar bráðabirgðaheimildir verið veittar af stjórnvöldum til að koma til móts við þennan vanda, t.d. framlengdir frestir. Félög voru þess vegna undir mikilli tímapressu að taka ákvarðanir um hvernig skyldi halda aðalfund á þessum fordæmalausum tímum, þar sem mikil óvíska ríkti jafnframt í lagaumhverfinu og samfélaginu.<sup>147</sup>

Mörg félög hvöttu hluthafa til þess að mæta ekki á fundarstað, heldur nýta rétt sinn til að veita umboðsaðila umboð fyrir sína hönd, líkt og Sjóvá hf. og Kvika banki hf. gerðu fyrir aðalfundi sína á Íslandi árið 2020. Jafnframt buðu mörg félög uppá streymi af hluthafafundum sínum fyrir hluthafa til að geta fylgst með að heiman. Aðrar ráðstafanir voru einnig gerðar til að reyna takmarka mætingu og skilaði þetta allt saman góðum árangri, þ.e. mæting hluthafa á fundarstað var í lágmarki og ekki var brotið á sóttvarnarlögum.<sup>148</sup>

Í ákvörðun danskra stjórnvalda nr. 2240, sem tekin var í gildi 29. desember árið 2020, er félögum veitt heimild til að halda rafræna hluthafafundi að öllu leyti, þrátt fyrir að hluthafafundur hafi ekki tekið þá ákvörðun um slíkt og þ.a.l. ekki ákvæði þess efnis í

---

<sup>143</sup> C25 eða OMX Copenhagen 25 index, er úrvalsvisitala Nasdaq Copenhagen og er samsett af þeim 25 dönsku hlutafélögum sem hafa mestan seljanleika á Nasdaq Copenhagen.

<sup>144</sup> Klaus Søgaard, Louise Celia Korpela og Lykke Smits, Gorrissen Federspiel Advokatpartnerselskab, „Covid-19 og generalforsamlingen“ (2020) NTS, 189-191.

<sup>145</sup> Sbr. 1. mgr. 138. gr. danskra ársreikningslaga; Þessi stofnun á sviði viðskiptamála heitir *Erhvervsstyrelsen*. Á Íslandi ber að senda ársreikning til ársreikningaskrá eigi síðar en mánuði eftir samþykkt ársreiknings, en eigi síðar en átta mánuðum eftir lok reikningsárs.

<sup>146</sup> Klaus Søgaard, Louise Celia Korpela og Lykke Smits, Gorrissen Federspiel Advokatpartnerselskab, „Covid-19 og generalforsamlingen“ (2020) NTS 189, 190.

<sup>147</sup> Sama heimild 189.

<sup>148</sup> Sama heimild 191-192.

samþykktum félags. Þetta er framlenging á fyrri bráðabirgðaheimild, sem var í gildi frá 8. apríl 2020 til 31. desember 2020.<sup>149</sup>

### **6.3. Framkvæmd í Danmörku**

#### **6.3.1. Carlsberg A/S**

Félagið Carlsberg er hvað þekktast fyrir að vera einn stærsti bjórframleiðandi heims. Hlutabréf í félaginu Carlsberg A/S hafa verið tekin til viðskipta í dönsku kauphöllinni. Aðalfundur félagsins fór fram 15. mars 2021 og var fundurinn haldinn að öllu leyti rafrænt, þ.e. ekki var í boði að sækja fund með hefðbundnum hætti. Í boðun fundarins kom fram að hluthafafundurinn yrði rafrænn að öllu leyti, þrátt fyrir að ákvæði þess efnis væri ekki til staðar í samþykktum félagsins, í fullu samræmi við ákvörðun stjórnvalda nr. 2240. Til þess að taka þátt í hluthafafundi félagsins þurftu þátttakendur, þ.e. hluthafar, umboðsaðilar og ráðgjafar, að skrá sig ekki seinna en 11. mars 2021. Skráning fór fram í gegnum hluthafagátt félagsins, en auk þess var hægt að senda tölvupóst á netfang sem kom fram í fundarboðinu. Hlekkur á fundinn var síðar sendur í tölvupósti á það netfang sem aðili gaf við skráningu.<sup>150</sup>

Bæði var í boði fyrir hluthafa að senda inn spurningar fyrir fundinn og á meðan fundinum stóð. Ef sá fyrri kostur var valinn, þá var möguleiki á því að félagið myndi birta svar við spurningunni á heimasíðu félagsins fyrir fund. Ef seinni kostur var valinn, þá læsi fundarstjóri spurninguna upphátt á hluthafafundinum og viðkomandi aðili fengi að svara, t.d. félagsstjórn eða endurskoðandi. Á fundinum var lögð fram tillaga um breytingu á samþykktum félagsins til að heimila félagsstjórn að taka ákvörðun um að halda rafræna hluthafafundi að hluta til eða að öllu leyti.<sup>151</sup>

Aðalfundur félagsins 16. mars 2020 var hefðbundinn hluthafafundur og var ekki í boði að taka þátt með rafrænum hætti. Hluthafar gátu þó greitt atkvæði bréflaga eða rafrænt, og veitt umboðsaðila heimild fyrir sína hönd til að sækja hluthafafund.<sup>152</sup>

#### **6.3.2. Kobenshavns Lufthavne A/S**

Aðalfundur félagsins Kobenshavns Lufthavne var haldinn þann 26. apríl 2021 og hafa hlutabréf félagsins verið tekin til viðskipta í dönsku kauphöllinni. Vegna heimsfaraldurs ákvað félagsstjórn að fundurinn skyldi vera rafrænn að öllu leyti og var það í samræmi við fyrrnefnda bráðabirgðaheimild stjórnvalda. Aðalfundurinn var haldinn í gegnum hluthafagátt félagsins og

---

<sup>149</sup>Sbr. 1. gr. ákvörðun danskra stjórnvalda nr. 2240 frá 29. desember 2020.

<sup>150</sup> „Annual general meeting notice 2021“ (Carlsbergs A/S 2021)

[https://www.carlsberggroup.com/media/42646/notice-including-agenda\\_2021.pdf](https://www.carlsberggroup.com/media/42646/notice-including-agenda_2021.pdf) skoðað 1. apríl 2021.

<sup>151</sup> Sama heimild.

<sup>152</sup> „Annual general meeting notice 2020“ (Carlsberg A/S, 2020)

[https://www.carlsberggroup.com/media/36171/1b-notice-including-agenda\\_final.pdf](https://www.carlsberggroup.com/media/36171/1b-notice-including-agenda_final.pdf) skoðað 1. apríl 2021.

til að geta tekið þátt þurftu hluthafar að hafa óskað eftir aðgangi og voru síðan aðgangsupplýsingar veittar á skráningardegi. Hluthafar báru sjálfir ábyrgð á því að þeir væru með tölvu, spjaldtölvu eða snjallsíma til að geta tekið þátt, auk þess að vera með góða nettengingu. Einnig var í boði að greiða atkvæði bréflega.<sup>153</sup>

Á fundinum var lögð fram tillaga stjórnar um breytingu á samþykktum sem heimilaði rafræna hluthafafundi að öllu leyti. Rök stjórnar fyrir tillögunni var m.a. að veita félaginu sveigjanleika til að geta brugðist við ófyrirsjáanlegum aðstæðum.<sup>154</sup>

Aðalfundur félagsins, haldinn 30. mars 2020, var hefðbundinn hluthafafundur og ekki var í boði að taka þátt með rafrænum hætti. Hluthafar gátu þó greitt atkvæði bréflega eða rafrænt, og veitt umboðsaðila heimild fyrir sína hönd til að sækja hluthafafund.<sup>155</sup>

### 6.3.3. Better Collective A/S

Aðalfundur Better Collective A/S var haldinn rafrænn að öllu leyti þann 26. apríl 2021 og var gert í samræmi við fyrrnefnda bráðabirgðaheimild stjórnvalda. Hlutabréf í félaginu hafa verið tekin til viðskipta í sænsku kauphöllinni. Á fundinum var lögð fram tillaga, sem kvað á um breytingu á samþykktum félagsins, að veita félagsstjórn heimild til að ákveða að halda rafrænan hluthafafund, að hluta til eða að öllu leyti. Með tillögunni var m.a. vísað í þá reynslu sem fengist hefur á þessum fordæmalausum tímum heimsfaraldurs og hve mikilvægt sé að félög geti aðlagð sig á skjótan hátt við þær ófyrirsjáanlegu aðstæður sem upp geta komið. Einnig kom fram að það væri ekki ætlun félagsins að allir hluthafafundir í framtíðinni væru eingöngu rafrænir, heldur að til staðar væri ákvæði, ef þyrfti til. Að auki var vísað í þá kosti sem fylgja framkvæmd rafrænna hluthafafunda, m.a. aukning á þátttöku hluthafa og að alþjóðlegum hluthöfum sé gefinn kostur á að sækja hluthafafund sjálfir og þannig nýtt sín réttindi, í stað þess að nota umboðsaðila.<sup>156</sup>

Miðað við framangreinda umfjöllun er nokkuð ljóst að lítil notkun hafi verið á þeim heimildum í lögum, sem heimila rafræna hluthafafundi, fyrir tíma heimsfaraldursins. Þetta má sjá annars vegar á því að mörg þessara félaga héldu sinn fyrsta rafræna hluthafafund í heimsfaraldri og hins vegar að ekki voru til staðar ákvæði í samþykktum félaganna um slíka fundi. Til að varpa ljósi á þessa miklu breytingu sem hefur átt sér stað á tímum heimsfaraldurs,

---

<sup>153</sup> „Indkaldelse til ordinær generalforsamling 2021“ (København lufthavne A/S, 2021) <https://ml-eu.globenewswire.com/Resource/Download/917091ca-5d5f-4202-a2ba-4da499925770> skoðað 5. apríl 2021.

<sup>154</sup> Sama heimild.

<sup>155</sup> „Notice of annual general meeting 2020“ (Copenhagen Airports A/S, 2020) [https://www.cph.dk/4939bd/globalassets/8.-om-cph/6.-investor/generalforsamlinger/agm-2020/copenhagen-airports-a\\_s---agm-notice-2020-exec.pdf](https://www.cph.dk/4939bd/globalassets/8.-om-cph/6.-investor/generalforsamlinger/agm-2020/copenhagen-airports-a_s---agm-notice-2020-exec.pdf) skoðað 5. apríl 2021.

<sup>156</sup> „Notice to convene annual general meeting“ (Better Collective A/S, 2021) [https://bettercollective.com/wp-content/uploads/2021/03/BC-regulatory-release-no.-8\\_2021-AGM-notice-2021.03.26.pdf](https://bettercollective.com/wp-content/uploads/2021/03/BC-regulatory-release-no.-8_2021-AGM-notice-2021.03.26.pdf) skoðað 1. apríl 2021.

má nefna að fyrir þann tíma, höfðu engin af dönsku C25 félögunum ákvæði í samþykktum sínum, þess efnis að heimila rafræna hluthafafundi að öllu leyti.<sup>157</sup> Vegna bráðabirgðaheimild danskra stjórnvalda var dönskum félögum tækt að halda rafræna hluthafafundi að öllu leyti, þrátt fyrir að slíkt ákvæði væri ekki í samþykktum félagsins.

Dönsku félögin þrjú, sem nefnd voru hér að framan, héldu öll rafrænan hluthafafund að öllu leyti árið 2021, en engin af þeim hafði gert það árið 2020. Til samanburðar hélt aðeins eitt af þeim þremur íslensku félögum, sem getið var um hér að framan, rafrænan hluthafafund að öllu leyti, þ.e. Marel hf. Nokkrar ástæður geta legið fyrir eins og hvorki voru ákvæði í samþykktum þeirra félaga þess efnis að heimila slíka fundi, né bráðabirgðaheimild íslenskra stjórnvalda líkt og er í gildi í Danmörku. Einning er vert að taka fram að munur getur verið á stærð hluthafahóps á þessum félögum sem nefnd voru hér að framan, t.a.m. á milli Sjóvár og Carlsberg.

## 7. Niðurstöður

Töluverð þróun hefur verið á hlutfélagalöggjöf síðan fyrstu reglur hennar litu dagsins ljós á 17. öld, sbr. umfjöllun í kafla 2.1., en ljóst er að hlutfélagiformið hafi m.a. þróast með breytingum í atvinnulífinu og við alls kyns aðstæður sem áttu sér stað í mannkynssögunni. Heimsfaraldur af völdum COVID-19 veirunnar er dæmi um slíkar aðstæður sem koma upp í sögu mannkynsins og hafa gífurleg áhrif á líf fólks á margan hátt og einnig á efnahagslífið í heild sinni. Á slíkum fordæmalausum tímum verður neyðin oft slík að skjótar breytingar verða á margs konar hefðum og venjum, sem annars hefði tekið lengri tíma eða jafnvel ekki orðið. Telja má að með COVID-19 heimsfaraldrinum hafi orðið vitundarvakning á þeim ófyrirsjáanlegum aðstæðum, sem upp geta komið skyndilega og þeim mörgum kostum sem geta fylgt tækninotkun.

Varpað hefur verið skýru ljósi á mikilvægi þess að félög séu undirbúin fyrir hið ófyrirsjáanlega og geti gripið til ráðstafana að halda rafræna hluthafafundi, m.a. til að virða lögbundna fresti og taka ákvarðanir, sem eingöngu verða teknar á hluthafafundum. Þetta endurspeglast jafnframt í aðgerðum margra félaga sem hafa nú tekið upp ákvæði í samþykktir félaganna, þess efnis að heimila félagsstjórn að ákveða hvort hluthafafundur verði rafrænn að hluta til eða að öllu leyti.

Má einnig telja að jákvætt og breytt viðhorf fólks hafi fylgt í kjölfar heimsfaraldursins, varðandi betri þekkingu og notkun á tæknibúnaði. Með þessu hefur öðlast dýrmæt reynsla og

---

<sup>157</sup> Klaus Søgaard, Louise Celia Korpela og Lykke Smits, Gorrissen Federspiel Advokatpartnerselskab, „Covid-19 og generalforsamlingen“ (2020) NTS 189, 195.

má telja að hluthafar og aðrir fundarmenn séu mun opnari fyrir áframhaldandi notkun tækninnar í framtíðinni, þar sem þeir hafa vanist slíkri tækninotkun og kynnst þeim kostum sem henni fylgja. Þetta endurspeglast m.a. í atkvæðagreiðslu hluthafa að samþykkja breytingu á samþykktum, þess efnis að heimila rafræna hluthafafundi að öllu leyti.

Áhugavert verður að sjá hvort nýting á heimildinni haldi áfram og jafnvel í auknum mæli, eftir að hún hefur rutt sér til rúms, sem um nemur í heimsfaraldrinum. Nú hafa mörg félög ákvæði í samþykktum sínum, að heimila bæði rafræna hluthafafundi að öllu leyti og rafræna hluthafafundi að hluta til, þó ákvörðun félagsstjórnar nægi fyrir síðarnefnda. Þetta bendir til þess að miklar líkur eru á því að þetta fyrirkomulag sé komið til að vera. Eflaust verða einhverjar hindranir á leiðinni eins og eðlilegt má teljast og þ.a.l. verði hægt að bæta löggjöf eftir því sem tíminn líður og reynslan sýnir.

Margir kostir fylgja framkvæmdinni og geta verið til hagsbóta, bæði fyrir hluthafa og félög. Til að mynda tímasparnaður og minni kostnaður við fundarhöld og ferðalög. Rafrænar hluthafafundir stuðla að aukinni og virkri þátttöku hluthafa, sem telst til góðra stjórnarháttanna fyrirtækja. Framkvæmdin getur einnig stuðlað að aukinni þátttöku erlendra fjárfesta og haft jákvæð áhrif á alþjóðlegar fjárfestingar.

Markmið ritgerðar er að gera grein fyrir því, hvort þörf sé á lagabreytingu á núgildandi regluverki rafrænna hluthafafunda, með tilliti til örrar tækniþróunar og að fenginni reynslu á tímum heimsfaraldurs af völdum COVID-19. Í ljósi alls framangreinds má telja að ekki sé þörf á breytingum á íslenskum hlutafélagalögum, þar sem 80. gr. a. hfl. veitir nokkuð rúma heimild fyrir félagsstjórn og hluthafa að ákveða hvort haldinn verði rafrænn hluthafafundur eða ekki. Þess í stað má telja að þörf hafi verið á breyttu og jákvæðu hugarfari á notkun tækninnar og er ástæða til að telja að það hafi að miklu leyti tekist í heimsfaraldri af völdum COVID-19 veirunnar.



## 8. Heimildaskrá

„Aðalfundur Marel hf. 2019“ (Marel hf., 2019)

[https://www.marel.com/media/010phfmr/adalfundur-2019\\_auglysing\\_v3.pdf](https://www.marel.com/media/010phfmr/adalfundur-2019_auglysing_v3.pdf) skoðað 20. mars 2021

„Aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf. 12. mars 2021“ (Sjóvá-Almennar tryggingar hf., 18. febrúar 2021) <https://www.sjova.is/media/6873/adalfundur-fundarbod-2021.pdf> skoðað 10. mars 2021

„Aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf. 12. mars 2020“ (Sjóvá-Almennar tryggingar hf., 18. febrúar 2020) <https://www.sjova.is/media/6572/fundarbod-adalfundar-1232020.pdf> skoðað 10. mars 2021

„Aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf. 15. mars 2019“ (Sjóvá-Almennar tryggingar hf., 21. febrúar 2019) [https://www.sjova.is/media/6259/sj\\_adalfundur2018-4x30-ny-210219\\_02.pdf](https://www.sjova.is/media/6259/sj_adalfundur2018-4x30-ny-210219_02.pdf) skoðað 10. mars 2021

„Annual general meeting notice 2021“ (Carlsbergs A/S 2021)

[https://www.carlsberggroup.com/media/42646/notice-including-agenda\\_2021.pdf](https://www.carlsberggroup.com/media/42646/notice-including-agenda_2021.pdf) skoðað 1. apríl 2021

„Annual general meeting notice 2020“ (Carlsbergs A/S 2020)

[https://www.carlsberggroup.com/media/36171/1b-notice-including-agenda\\_final.pdf](https://www.carlsberggroup.com/media/36171/1b-notice-including-agenda_final.pdf) skoðað 1. apríl 2021

Áslaug Björgvinsdóttir, *Félagaréttur* (Orator 1999)

Áslaug Björgvinsdóttir, „Málfrelsi hluthafa á hluthafafundum“ (2007) 60 Úlfjótur, 176

Commission of the European Communities, „Modernising Company Law and Enhancing Corporate Governance in the European Union - A Plan to Move Forward“ (Communication) COM (2003) 284 final

„Fundarboð“ (Kvika Banki hf., 2021) <https://www.kvika.is/asset/4246/fundarbod-a-adalfund-kviku-banka-hf.-2021.pdf> skoðað 21. mars 2021

„Fundarboð“ (Kvika Banki hf., 2020) [https://www.kvika.is/asset/2782/kvika-banki-hf.\\_fundarbod-a-adalfund-2020.pdf](https://www.kvika.is/asset/2782/kvika-banki-hf._fundarbod-a-adalfund-2020.pdf) skoðað 21. mars 2021

Hansen L. J., *Introduktion til selskabsretten og kapitalmarkedsretten* (Jurist- og Økonomforbundets Forlag)

Herskovich M. „How different markets are handling shareholder meetings during the COVID-19 coronavirus health emergency“ (*ICGN*, mars 2020) <https://www.icgn.org/how-different-markets-are-handling-shareholder-meetings-during-covid-19-coronavirus-health-emergency> skoðað 2. febrúar

„Indkaldelse til ordinær generalforsamling 2021“ (Københavns lufthavne A/S, 2021) <https://ml-eu.globenewswire.com/Resource/Download/917091ca-5d5f-4202-a2ba-4da499925770> skoðað 5. apríl 2021

Klaus Sogaard, Louise Celia Korpela og Lykke Smits, Gorrissen Federspiel Advokatpartnerselskab, „Covid-19 og generalforsamlingen“ (2020) NTS 189

Krüger Andersen, P. The European Model Company Act (EMCA)—a tool for European integration. *ERA Forum* 19, 77–85 (2018). <https://doi.org/10.1007/s12027-018-0521-8> skoðað 30. mars 2021

Krüger Andersen, P, *Aktie- og anpartsselskabsret* (Jurist- og Økonomforbundets Forlag 2004)

Lagastofnun Háskóla Íslands, „Skýrsla lagastofnunar um minnihlutavernd í hlutafélögum og einkahlutafélögum“ (Efnahags- og viðskiptaráðuneytið 2009)

Margrét Einarsdóttir, „Innleiðing afleiddrar löggjafar í íslenskan rétt – ástæður vandans og hvað er unnt að gera betur?“ (2018) 68 *Tímarit lögfræðinga* 3

Margrét Einarsdóttir og Stefán Már Stefánsson, „Um valdmörk og valdheimildir stofnana Evrópusambandsins og evrópska efnahagssvæðisins“ (2018) 68 *Tímarit lögfræðinga* 343

„Notice of annual general meeting 2020“ (Copenhagen Airports A/S, 2020) [https://www.cph.dk/4939bd/globalassets/8.-om-cph/6.-investor/generalforsamlinger/agm-2020/copenhagen-airports-a\\_s---agm-notice-2020-exec.pdf](https://www.cph.dk/4939bd/globalassets/8.-om-cph/6.-investor/generalforsamlinger/agm-2020/copenhagen-airports-a_s---agm-notice-2020-exec.pdf) skoðað 5. apríl 2021

„Notice to convene annual general meeting“ (Better Collective A/S, 2021) [https://bettercollective.com/wp-content/uploads/2021/03/BC-regulatory-release-no.-8\\_2021-AGM-notice-2021.03.26.pdf](https://bettercollective.com/wp-content/uploads/2021/03/BC-regulatory-release-no.-8_2021-AGM-notice-2021.03.26.pdf) skoðað 1. apríl 2021

Nørby udvalget, „Nørby-udvalgets rapport om Corporate Governance i Danmark“ (Erhvervs- og Selskabsstyrelsen 2001)

Ólafur Lárusson, „Hlutafélög og hlutafélagalög á Íslandi“ (1922/1993) *Tímarit lögfræðinga og hagfræðinga* 1

Páll Skúlason, „Hlutafélög á Íslandi og Hlutafélagalög“ (1993) *Tímarit lögfræðinga* 28

„Rafrænn aðalfundur Marel 2021“ (Marel hf., 2021) <https://www.globenewswire.com/news-release/2021/02/17/2177417/0/is/Rafr%C3%A6nn-a%C3%B0alfundur-Marel-2021.html> skoðað 20. mars 2021

„Rafræn þátttaka í aðalfundi 2020“ (Marel hf., 2020)  
<https://marel.com/media/p4zndse5/rafraen-thatttaka-a-adalfundi-marel-2020.pdf> skoðað 20. mars 2021

„Reglur um rafræna atkvæðagreiðslu utan hluthafafunda“ (*Arion Banki*, 19. febrúar 2021)  
<https://www2.arionbanki.is/library/skrar/English/About-the-Bank/Investor-Relations/Shareholders-meetings/Adalfundur-16.03.2021/Reglur%20um%20rafr%C3%A6na%20atkv%C3%A6%C3%B0agrei%C3%B0slu.pdf> skoðað 1. maí 2021

Reitz C. J., „How to Do Comparative Law“ (1998) *The American Journal of Comparative Law* 46(4) 617

„Skærpet forsamlingsforbud og øvrige tiltag for at imødegå cluster B.1.1.7“ (*Sundhedsministeriet*, 5. janúar 2021) <https://sum.dk/nyheder/2021/januar/0501-skaerpet-forsamlingsforbud-og-oevrige-tiltag-for-at-imoedegaa-cluster-b117> skoðað 15. apríl

Stefán Már Stefánsson, „Fjölgun einkahlutafélaga yfirvofandi“ *Morgunblaðið* (Reykjavík, 16. nóvember 1995)

Stefán Már Stefánsson, *Hlutafélagaréttur* (Hið íslenska bókmenntafélag)

Stýrihópur um framkvæmd EES-samningsins, „Skýrsla stýrihóps um framkvæmd EES-samningsins“ (Forsætisráðuneytið 2015)

„Timeline: WHO’s COVID-19 response“ (*World Health Organization*, 11. mars 2020)  
<https://www.who.int> skoðað 20. mars 2021

Udvalget til Modernisering af Selskabsretten, „Modernisering af selskabsretten“ Betænkning nr. 1498 (*Erhvers- og Selskabsstyrelsen* 2008)

VanGestel R. and Micklitz H., „Revitalizing Doctrinal Research In Europe: What About Methodology?“ (2011) *European University Institute Working Papers Law* 2011/05, 1

Viðskiptaráðherra, „Skýrsla viðskiptaráðherra um stjórnunarhætti fyrirtækja“ (Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið 2004)

Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq Iceland og Samtök atvinnulífsins, „Leiðbeiningar um stjórnunarhætti fyrirtækja“ (Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq Iceland og Samtök atvinnulífsins 2021)

Williston S., „*History of the Law of Business Corporations before 1800*“ (1888) 2 *Harv. L. Rev.* 105